

# Sóknarfærni

Desember 2022

Frumkvæði og fagmennska í íslensku atvinnulífi



*Óskum starfsfólki í íslensku atvinnulífi  
gleðilegra jóla og velfarnaðar á komandi ári*

RIT  
FORM

# Ár skins og skúra



Jóhann Ólafur Halldórsson  
ritstjóri skrifar.

Íslenskt atvinnulíf stendur á margan hátt sterkt nú í lok ársins þegar við komumst út úr hömlum kórónuveirufaraldursins. Sannarlega voru blikur á lofti í upphafi ársins og óvissa á mörgum sviðum þó um margt höfum við sterka stöðu með traustar stöðir í grunnatvinnuvegum á borð við sjávarútveg og matvælaframleiðslu. Fari sem horfir að tekjur af ferðamönnum sem Ísland sækja heim slái met á þessu ári þá er það staða sem jafnvel bjartsýnustu mönnum hefði þótt næsta ómöguleg í upphafi árs.

Enginn gat hins vegar séð fyrir þær raunir sem innrásin í Úkraínu kallaði yfir þá þjóð með miklum áhrifum á stærstan hluta heimsbyggðarinnar. Við erum með þeim atburðum ennþá minnt á að öll erum við hlekkur í alheimskeðju sem verður aldrei sterkari en veikasti hlekkurinn. Stríðsrekstur

var það allra síðasta sem heimsbyggðin þurfti á að halda eftir kórónuveirufaraldurinn en umfram allt hlýtur hugur okkar nú sem allra daga frá innrásinni að vera hjá úkraínsku þjóðinni. Hún stendur frammi fyrir daglegri lífsbaráttu sem gerir öll vandamál í okkar daglega lífi hér uppi á Íslandi býsna léttvæg.

Áðurnefnd sveifla í ferðapjónustunni er nokkuð dæmigerð fyrir margt í hinu íslensku sveiflukennda umhverfi í atvinnu- og efnahagslífi. Við horfum á árinu á mikla uppsveiflu á fasteignamarkaði, mikið verðbólguþot, vaxtahækkanaferli sem á sér varla hliðstæðu og þannig mætti lengi telja. Forsendur í fjármögnun fasteigna og annarra fjárfestinga brustu á örfáum mánuðum og það er ekki síst bagalegt gagnvart yngsta fólkinu á húsnæðismarkaði og þeim sem hafa ekki burði til að taka á sig

auknar byrðar. Þá hópa þarf umfram allt að vernda en þetta er umhverfi sem allir geta verið sammála um að við þurfum að komast út úr. Einhvers konar efnahagskollsteypur á 10 ára fresti mega ekki verða að náttúrulegum máli. Á því tapa allir.

Megi jólahátíðin verða landsmönnum gleðileg og nýtt ár færa samfélaginu gæfu.

## Sóknarfæri

Frumkvæði og fagmennska í íslensku atvinnulífi



Útgefandi: Ritform ehf.  
Ritstjóri: Jóhann Ólafur Halldórsson (ábm).  
Umsjón, og textavinnsla: Ritform ehf.  
Hönnun og umbrot:  
Guðmundur Þorsteinsson - Guðli.  
Auglýsingar: Inga Ágústsdóttir  
inga@ritform.is

Prentun: Landsprent  
Dreifing: Íslandsþóstur

Forsíðumynd:  
Vetraríki á Möðrudalsöræfum /  
Jóhann Ólafur Halldórsson

Rafræn útgáfa á blaðinu  
er á [ritform.is](http://ritform.is) og [visir.is](http://visir.is)

Við erum líka  
á Facebook!



Gott til  
endurvinnslu

Óskum landsmönnum gleðilegra jóla  
og farsældar á nýju ári

AUÐLINDIN

ÆGIR

atlantic

Sóknarfæri

RITFORM

REYKJAVÍK | AKUREYRI | [ritform.is](http://ritform.is)

●  
JÓLA-  
OG NÝARS-  
KVEÐJA TIL YKKAR  
ALLRA MEÐ ÞÖKK FYRIR  
VIÐSKIPTIN Á ÁRINU SEM ER  
AÐ LÍÐA

**KAPP**  
ehf

HLÖKKUM TIL AÐ SJÁ YKKUR  
Á NÝJU ÁRI



■ Þeir Þorvaldur Sigurðsson, rekstrarstjóri Ísfells á Akureyri og Guðbjartur Þórarinnsson, framkvæmdastjóri Ísfells, eru hæstánægðir með nýju aðstöðuna á Akureyri.

# Ný starfsstöð Ísfells á Akureyri

Þjónustufyrirtækið Ísfell flutti á dögunum starfsstöð sína á Akureyri í stærra húsnæði við Hjalteyrargötu 4. Húsið er tæplega 600 fermetrar að stærð og verður þjónusta Ísfells norðan heiða eflid enn frekar með tilkomu þessarar auknu aðstöðu. Ísfell bauð viðskiptavinum og samstarfsaðilum til opnunaráttíðar af þessu tilefni.

## Stærra húsnæði og aukin þjónusta

„Með flutningum í Hjalteyrargötu 4 fáum við meira rými fyrir starfsemina og þjónustu við viðskiptavinum en við höfðum áður. Húsið er líka á frábærum stað í bænum, mjög sýnilegt og aðgengilegt þannig að ég sé mikil tækifæri fyrir Ísfell til að þróa þjónustu áfram á markaðnum hér fyrir norðan,“ segir Þorvaldur Sigurðsson, rekstrarstjóri Ísfells á Akureyri. Starfsmönnum verður fjölgað í þrjá strax í upphafi nýs árs.

„Ísfell kemur víða við sögu í þjónustu við atvinnulífnið en við ætlum í kjölfar flutninganna að efla verulega þjónustu okkar á sviði fallvarna- og öryggisbúnaðar, sem og lögbundinna skoðana á hífingarbúnaði fyrir viðskiptavinum á Norður- og Austurlandi. Þetta er þjónustusvið sem snýr að bæði skipum og fjölbættri starfsemi í landi, verkatakastarfsemi og ýmsum öðrum sviðum en Ísfell er eitt öflugsta fyrirtæki landsins í þessari þjónustu,“ segir Þorvaldur en önnur stór breyting með tilkomu nýja húsnæðisins er stærri og fjölbreyttari verslun. Þar býðst fatnaður, öryggisbúnaður og ýmis konar rekstrarvara sem tengist sjávarútvegi og öðrum greinum atvinnulífsins.

## Veifarfarþjónusta fyrir norðlensku togarana

Þekktast er Ísfell fyrir þjónustu sína á veifarfarasviðinu og segir Þorvaldur að ný vinnusalurinn við Hjalteyrargötu auðveldi vinnu við veifarfarin.

„Okkar áhersla í veifarfarþjónustunni snýr mest að botnfiskveifarferum og togskipum hér á Akureyri og í nágrenna- byggðum. Hér setjum við upp veifarferi, lagferum veifarferi og setjum upp varastykki, splæsnum víra og leysum önnur verkefni fyrir skipin. Síðan vinnum við með starfsstöðvum Ísfells á Ólafsfirði og Sauðárkróki eftir því sem við á. Þannig erum við öflug heild í þjónustu við viðskiptavinum og sjáum bara tækifæri til að efla okkur enn frekar,“ segir Þorvaldur.



■ Dömurarnar í starfsmannahópi Ísfells fögnuðu með samstarfsfólki sínu á Akureyri og viðskiptavinum. Frá vinstri: Stefanía Malen Halldórsdóttir, netaverkstæði, Erna Kristjánsdóttir, markaðsstjóri, Hrafnhildur Guðbjartsdóttir, stefnumótun og ferlastýringar og Ásdís Sigurðardóttir, viðskiptaþróunarstjóri.



■ Hátt er til lofts og vítt til veggja í netagerðarsalnum.



■ Með nýju húsnæði Ísfells eflist verslun fyrirtækisins verulega. Þar er m.a. seldur öryggis- og vinnufatnaður.

# Starfsfólk Samhentra og Vörumerkingar

óskar landsmönnum gleðilegra jóla  
og farsældar á komandi ári.



**Samhentir**



**Vörumerking**

[vorumerking@vorumerking.is](mailto:vorumerking@vorumerking.is) - [www.vorumerking.is](http://www.vorumerking.is)

[sala@samhentir.is](mailto:sala@samhentir.is) - [www.samhentir.is](http://www.samhentir.is)

# Snýst um samkeppnishæfni Íslands

Rætt við Andrés Magnússon, framkvæmdastjóra SVP um þá stafrænu umbreytingu sem er að verða í íslensku atvinnulífi

„Staðan í versluninni á Íslandi er ágæt og sýna kortaveltutölur að kaupmáttur fólks er almennt sterkur. Jólaverslunin hefur farið vel af stað og þróunin er áfram sú að hún dreifist á mun lengri tíma en áður. Því valda m.a. tilboðsdagar að erlendra fyrirmynd í nóvembermánuði og þeim tilboðum hafa neytendur eðlilega tekið með fögnuði,“ segir Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu í samtali við Sóknarfæri.

## Mikilvæg atvinnugrein

„Það er ljóst af opinberum tölum að verslun og þjónusta í landinu skiptir miklu máli fyrir hagkerfið og afkomu almennings og má t.d. nefna að um 25.000 manns hafa atvinnu í greininni. Þá var hlutfall heild- og smásöluverslunarinnar, ásamt viðgerðum á ökutækjum, 9,6% af vergri þjóðarframleiðslu í fyrra. Það skiptir því alla landsmenn gífurlegu máli að greinin sé sjálfbær og að hún geti tryggt að neytendur fái áfram vörur á viðunandi verði. Innlend verslun er og hefur alltaf verið í mikilli samkeppni og á hverjum tíma hefur verslunin þurft að mæta nýjum áskorunum. Nú er það t.d. erlenda netverslunin sem hefur um hríð



■ Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu. „Íslendingar hafa hingað til verið eftirbátar annarra Norðurlanda í að tileinka sér netverslun. Það er að breytast.“

sótt í sig veðrið og þeirri samkeppni hefur íslenska verslunin þurft að mæta, með því að gera fólki kleift að versla heima í tölv-

unni eða í snjallsímanum og fá vöruna senda heim innan fárra daga. Og auðvitað á samkeppnishæfu verði.“

Samtök verslunar og þjónustu hafa lengi lagt áherslu á hina stafrænu umbreytingu í atvinnulífinu í fræðslu- og kynningarstarfi samtakanna.

## Covid hjálpaði til

Íslendingar hafa löngum verið fljótir að tileinka sér tækninýjungar en engu að síður eru þeir eftirbátar Norðurlandanna þegar kemur að netverslun. Í skýrslu Samtaka netfyrirtækja í Evrópu fyrir árið 2021 kemur fram að Ísland er efst á lista þjóða þegar kemur að hlutfalli einstaklinga sem hafa aðgang að og nota internetið en í sjötta sæti þegar kemur að hlutfalli einstaklinga sem versla á netinu.

„Hvað netverslunina varðar tóku Íslendingar verulega við sér í Covid og má segja að bæði neytendur og rekstraraðilar hafi lært með vissum hætti að tileinka sér nýja tækni þegar fjarlægðarmörk og samgöngutakmarkanir voru ráðandi. Þetta olli því að netverslunin tók kipp og nýjar tölur sýna að á aðeins tveimur árum hefur hún þrefaldast. Sjálfsafgreiðsla í verslunum og öll öppin sem eru í boði eru skýrasta dæmið um þetta. Þessi þróun mun halda áfram og henni fylgja margvíslegar áskoranir fyrir fyrirtækin að mæta þessum nýju þörfum. Þau þurfa að fjárfesta í nýrri tækni og það sem þó er mikilvægast; mennta og þjálfar starfsfólkið til að þjónusta viðskiptavinina með allt öðrum hætti en áður.“

## Nýtt breytingaskeið

Andrés hefur fylgst vel með þeim miklu breytingum sem hafa átt sér stað í umhverfi verslunarinnar hérlendis undanfarna áratugi, enda unnið við hagsmunagæslu nær allan sinn starfsferil.

„Auðvitað hefur margt breyst á þessum starfsvettvangi síðan ég byrjaði en mér er óhætt að fullyrða að stafræna umbreytingin markar þar dýpstu sporin. Staðreyndin er sú að öll verslun og þjónusta er þessi misserin að ganga í gegnum nýtt breytingaskeið. Nýjar og áður óþekktar aðferðir til að ná til viðskiptavanna koma fram með reglulegu millibili og hægt er að fylgjast

með neysluhegðun hvers einasta einstaklings af ótrúlegri nákvæmni. Þetta sjáum við t.d. á Facebook þegar upp spretta auglýsingar um hluti sem við höfum verið að skoða fáeinum mínútum fyrr á netinu. Ég er sannfærður um að þessi umskipti eru aðeins byrjunin á gjörbreyttu viðskipta-umhverfi og ef íslensk verslunar- og þjónustufyrirtæki ætla að standast erlenda samkeppni þurfa þau að tæknivæðast og mennta sitt fólk til að takast á við þetta fordæmalausa verkefni.“

## Snýst um samkeppnishæfni Íslands

Samtök verslunar og þjónustu hafa lengi lagt áherslu á hina stafrænu umbreytingu í atvinnulífinu í fræðslu- og kynningarstarfi samtakanna. Meðal annars tóku samtökin þátt í stofnum stafræns hæfniklasa sem hóf starfsemi sína fyrir rúmu ári síðan.

„Það má segja að þetta hafi verið okkar leið til að aðstoða atvinnulífið og vinnumarkaðinn til að skapa þekkingu á þessari byltingu sem er að verða alls staðar í atvinnulífinu. Stafræni hæfniklasinn er samstarfsverkefni SVP, VR og Háskólans í Reykjavík sem hefur það að markmiði að efla stafræna þekkingu í atvinnulífinu og á vinnumarkaði. Stafræn þekking og hæfni er ein af frumforsendum þess að Ísland haldi áfram sterkri stöðu sinni meðal þjóða heims hvað lífskjör varðar. Samkeppnishæfni Íslands er í húfi. Þess vegna leggja samtökin mjög mikið upp úr því að vel taki til við innleiðingu á nýrri tækni og nýrri hugsun í atvinnulífinu,“ segir Andrés.

svth.is

# Ísvélar

Frá 1 tonni á sólarhring



## Samlokueiningar

Fyrir kæla, frysta og milliveggi

Til afhendingar  
**STRAX**



# KGG

Kristjan G. Gislason ehf • 552-0000 • kgg@kgg.is

## Kælimiðlar

Umhverfissvænni miðlar



Hugsaðu um umhverfið veldu umhverfissvæna kælimiðla



# Fjölbreyttar reimalausnir fyrir alla flutninga





Sterkbyggðu M5085 böndin eru einstaklega þrifavæn



Lestarbönd í miklu úrvali

**Erum sterk í öllum matvælaböndum hvort sem er á sjó eða landi**



Þéttlistar fyrir lestarlúgur og vatnsþétt skilrúm




**GÚMMÍSTEYPA  
Þ. LÁRUSSON EHF.**



**Óskum landsmönnum gleðilegra jóla og farsældar á árinu 2023**

Gylfaflöt 3 • 112 Reykjavík • Sími: 567 4467 • [gummisteypa@gummisteypa.is](mailto:gummisteypa@gummisteypa.is) • [www.gummisteypa.is](http://www.gummisteypa.is)



■ Uppdráttur af Ölfusárbrú hinni fyrstu frá enska málmsmíðafyrirtækinu Vaughan & Dymond frá Newcastle í Englandi.

Teikning: Þjóðskjalasafn.

# Brýrnar yfir boðaföll Ölfusár

Vatnsmiklar ár voru fyrir á tíð gríðarlegir farartálmur á Íslandi því engar voru brýrnar. Ekkert vegakerfi var til í landinu, aðeins slóðar eftir þarfasta þjóninn ellegar þá sem gengu landshluta á milli á tveimur jafnfljótum. Á Suðurlandi þótti Ölfusá mikill farartálmur og raunar Þjórsá einnig sem rennur til sjávar fáeinum kílómetrum austur. Alþingi ræddi málin árum saman og ekkert gerðist fyrir en undir lok 19. aldar að ráðist var í gerð fyrstu brúarinnar yfir Ölfusá. Hálfri öld síðar var hún leyst af hólmi og nú hillir undir gerð þriðju brúarinnar yfir þetta vatnsmesta fljót landsins.

## Framfaramáli hreyft

Það mun hafa verið á almennum sýslufundi á Stórolfshvoli árið 1872 sem fyrst var rætt opinberlega um nauðsyn þess að brúa sunnlensku stórvatnsföllin, Ölfusá og Þjórsá. Þáverandi prestur í Fljótshlíðarþingum, séra Hannes Stephensen, tók málið upp og mælti þar auðvitað fyrir munni fjölmargra.

Auraráð í landssjóði voru rýr á þessum árum en þó kom að því árið 1879 að Alþingi veitti 100 þúsund krónum til að undirbúa og reisa brýr yfir Ölfusá og Þjórsá. Ekkert varð úr framkvæmdum að sinni og málum drepist á dreif í deilur um hvort betra væri að leggja kláfferju yfir árnar í stað brúa. Má segja að Alþingi og stjórnvöld hafi að nokkru leyti gefist upp á verkefninu um hríð.

## Ölfusárbrú I

Tryggvi Gunnarsson (1835-1917), alþingismaður með meiru tók málið upp á þingi og fyrir forgöngu hans náðist það í gegn að byggja 100 m hengibrú úr stáli yfir Ölfusá. Raunar var stjórnslan einfaldari þá en nú er því framkvæmdamaðurinn Tryggvi tók verkið persónulega að sér; gerði tilboð í brúarsmíðina og fékk til liðs við sig Vaughan & Dymond málmsmíðafyrirtækið í Newcastle upon Tyne í Englandi. Tilboð Tryggva og Vaughan & Dymond hljóðaði upp á 66.000 kr. og var því tekið.

Sumarið 1889 fóru menn að víða að sér alls kyns efni til brúargerðarinnar og var m.a. samið við ýmsa Flóamenn til að skipa upp efni eða til að vinna við brúarsmíðina. Vorið 1890 kom stálið í brúna frá Englandi



■ Ölfusárbrú II við Selfoss í smíðum 1945. Til vinstri sést gamla brúin.

Ljós. Sigurhans Vignir/Ljósmyndasafn Reykjavíkur.



■ Ölfusárbrú I við Selfoss. Myndin er tekin á árunum 1920-1935.

Ljós. Ólafur Magnússon/Ljósmyndasafn Reykjavíkur.

og var byggingarefninu landað á Eyra- bakka. Þaðan var ruddur slóði 12 km leið að Selfossi og sleðar notaðir til að draga efnið uppeftir næsta vetur á ís.

## Brúarsmíðin hefst

Þann 15. júní 1891 hófst brúarsmíðin af alvöru, en byrjaði þó illa því strax um kvöldið drukknaði Englendingur nokkur sem

hafði farið út á efnispramma sem hvolfdi. Fleiri vandamál komu upp, t.d. þurfti að hækka steypa stópla brúarinnar svo klakahrannir kæmst örugglega undir brúargólfid og einnig kom í ljós að burðarstangir voru of langar. Allt tafði þetta auðvitað verkið en vígsla brúarinnar var 8. september 1891 eins og raunar Tryggvi og hans félagar höfðu undirgengist við gerð

samninga. Vígslan fór fram í blíðskaparveðri og fjöldi manna dreif að til að fagna lokum þessa mikla verkefnis. Magnús Stephensen landshöfðingi flutti ávarp og Brúardrápa Hannesar Hafstein var flutt. Þar segir meðal annars á þessa leið:

*Hátt á bökkum bröttum byggðir eru og tryggðir synir stáls og steina, sterkir mjög að verki; standa á bergi, studdir magni' og prýði strengja sér á herðum ramma smíði, tengja sveit við sveit þótt elfan undir ófær brjótist fram um kletta og grundir.*

## Brúarstrengurinn slítnar

Ölfusárbrúin hin fyrsta stóð fyrir sínu í liðlega hálfri öld og gjörbreytti öllu mannlífi á svæðinu. Með þessari fyrstu brú yfir Ölfusá og brú yfir Þjórsá árið 1895 voru komnar forsendur til að leggja vagnfæra vegi frá Reykjavík og austur í sveitir og höfðu þær samgöngubætur mikla þýðingu fyrir íbúa alls Suðurlandsundirlendis. Við brúarsporðinn sunnanverðan spratt upp kaupúnið Selfoss sem í dag er meginkjarni Sveitarfélagsins Árborgar, stærsta sveitarfélags á Suðurlandi.

Þessi merka brú yfir Ölfusá lauk skyndilega hlutverki sínu aðfaranótt 6. september 1944 þegar annar brúarstrengurinn gaf sig undan þunga tveggja mjólkurbíla sem féllu í fljótið. Annar bíllinn lenti á gryningum þaðan sem síðar var hægt að ná honum upp en hinn fór í hlydjúpa gjána ásamt bílstjóranum. Manninum skaut fljótlega upp og tókst að halda sér á floti á mjólkurbrúsa þar til hann rak á land neðan Selfossbæjanna.

## Ölfusárbrú II

Samgöngur á Suðurlandi voru auðvitað í molum eftir að brúin yfir Ölfusá gaf sig og því var ákveðið að bregðast skjótt við. Hönnun nýrrar brúar hófst samstundis og ákveðið að byggja hana við hlið þeirrar gömlu. Nýja hengibrúin skyldi vera 132 m að lengd; 84 m löng yfir farveg Ölfusár og 48 m landbrú að sunnaverðu, gólf brúarinnar úr járnbentri steypu, 6 metra akbraut og meters breið gangstétt hvoru megin akbrautar.

## Kæru samstarfsaðilar

Óskum ykkur gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári  
Þökkum frábært samstarf á stórsýningum okkar  
á árinu sem er að líða.







■ Núverandi brú yfir Ölfusá hefur þjónað vel og lengi en nú er áformað að létta álaginu á þennan aldna höfðingja. Brúin verður áfram nýtt innsveitar á Selfossi.

Ljós. Sigurður Bogi Sævarsson.

Strax var ákveðið að panta efni til nýrrar brúar en þá stóð styrjöldin sem hæst og því erfitt með að afla efnis. Víða voru viðskiptahóft svo mjög illa horfði um byggingu nýrrar brúar framan af. Fyrri hluta árs 1945 breyttust þó horfur til hins betra og fékkst leyfi frá Bandaríkjunum fyrir járn til brúargerðarinnar þó með þeim takmörkunum að meginhluti stálsins kæmi ekki til Íslands fyrr en síðla árs 1945. Stjórnvöld á Íslandi kipptu í spotta sem varð til þess að smíðin gat hafist strax um vorið.

#### Stálið frá Dorman Long

Þegar innflutningsleyfi lágu fyrir var ákveðið að ganga til samninga við eina stærstu stálsmiðju Englands, Dorman Long í Middlesbrough, um smíði brúarinnar. Smíði á sjálfu burðarvirkinu úti í Englandi gat því hafist strax og jafnframt var hafist handa á verkstað hér heima. Byrjað var að grafa og sprengja fyrir stöplum og festum strengjanna og var það mikið verk því sumar festarnar náðu allt að 6 m dýpt. Um haustið var búið að steypa stöpla og akkerisfestar og stóð þá á endum að stálið

að utan kom til landsins. Var þá tekið til við að reisa sjálfa hengibrúna. Fyrst voru reistir stálturnar sem skyldu bera uppi strengi brúarinnar sem voru 6 talsins á hvorri brúarhlið. Þá voru hengdir í strengina þverbitar og langbitar sem brúargólfið hvílir á. Lauk þessu verki undir lok október og héldu ensku brúarsmiðirnir þá heimleiðis. Þessu næst var hafist handa við að steypa brúargólfið sjálft og var það síðan steipt á tveimur dögum. Síðasti áfanginn var svo að hnoða langbitana undir brúargólfið en það verk önnuðust smiðir frá Stálsmiðjunni og Landsmiðjunni. Þessi nýja og glæsilega brú var svo tekin í notkun 21. desember 1945 – rétt ríflega ári eftir að sú eldri gaf sig.

#### Traust mannvirki

Ölfusárbrúin sem enn þjónar Íslendingum og gestum þeirra er orðin barn síns tíma fyrir löngu enda 77 ár frá því fyrstu bílar óku yfir hana. Burðarþol brúarinnar er miðað við að á brúnni megi samtímis vera bifreiðar með allt að 70 tonna samanlagðan þunga. Menn vildu þó hafa vaðið fyrir neðan sig og daginn áður en hún var tekin í



■ Ölfusárbrú III. Hún er raunar enn á teikniborðinu en framkvæmdir munu senn hefjast og stefnt á að hún verði tekin í notkun árið 2026 – ef guð og pólitíkin lofa.

Mynd. EFLA.

notkun hlóðu menn á brúargólfið 140 tonnum af sandi og timbri. Og brúin góða stóð þetta auðvitað af sér! Í dag aka um 15.000 bílar á sólarhring yfir þetta mannvirki.

Ölfusárbrú II kostaði þegar upp var staðið rúmlega 2 milljónir króna á þáverandi verðlagi. Í brúna fóru 315 tonn af stáli, 515 tonn af sementi og 600 rúmmetrar af steypu. Þess má geta að gamla brúin yfir Ölfusá var síðan rifin og var stálið úr henni m.a. nýtt til að smíða hringsvið þjóðleikhússins sem þá var í byggingu.

#### Ölfusárbrú III

Núverandi Ölfusárbrú er undir stöðugu eftirliti og fyrir löngu ljóst að nauðsynlegt er að létta á umferð um brúna, sérstaklega þungra vöruflutningabifreiða. Nú liggur fyrir að endurbættur Suðurlandsvegur frá gatnamótum við Biskupstungnabraut mun halda áfram til austurs og fara á nýrri brú á Efri-Laugarðælaeyju yfir Ölfusá. Gamla brúin verður áfram í notkun fyrir innanbæjarumferð en bannað verður að aka yfir hana þungum bílum.

Ölfusárbrú III verður samkvæmt fyrirbyggjandi útfærslu hið glæsilegasta mannvirki, 330 m löng stagbrú með 60 metra háum turni, hin fyrsta sinnar tegundar á Íslandi. Höf brúarinnar verða tvö; 145 og 155 m löng, þau lengstu á landinu. Forhönnun brúarinnar er unnin í samstarfi Vegagerðarinnar, EFLU verkfræðistofu og Studio Granda arkitekta. Þá er jarðskjálftaálag unnið í samstarfi við sérfræðinga Háskóla Íslands. Gert er ráð fyrir að turn brúarinnar og burðarkerfi í brúargólfi verði úr stáli, m.a. til að lágmarka þyngd brúarinnar og þannig jarðskjálftaálag sem er hátt á þessum stað. Ekki er gert ráð fyrir að takmarka núverandi farveg Ölfusár að nokkru leyti til að hafa ekki áhrif á stærri flóð í ánni. Gert er ráð fyrir göngu- og hjólaleið yfir brúna.

Kostnaður við brúargerðina er áætlaður a.m.k. 5 milljarðar króna og mun framkvæmdin fjármögguð með veggjöldum. Stefnt á að Ölfusárbrú hin þriðja verði tekin í notkun árið 2026 – ef guð og pólitíkin lofa.

**Stólpi Gámar óska  
viðskiptavinum sínum  
gleðilegra jóla  
og farsældar á nýju ár**



[www.stolpigamar.is](http://www.stolpigamar.is)

**Stólpi Gámar**

Óseyrarbraut 12 | 220 Hafnarfirði | Klettagörðum 5 | 104 Reykjavík

# Konur sjá tækifæri innan sjávarútvegsins

„Þetta er magnað félag og mikill heiður fyrir mig að taka við formennskunni í því. Ég hlakka til að leggja mitt af mörkum til að efla félagið enn frekar en það hefur verið ánægjulegt að sjá vöxtinn undanfarin ár. Félagskonum hefur fjölgað umtalsvert og við sjáum fyrir okkur að félagið eflist enn á komandi árum,“ segir Margrét Kristín Pétursdóttir sem tók nú í haust við stjórnartaumum í félaginu Konur í sjávarútvegi, KIS. Ríflega 300 konur eru í félaginu sem stofnað var árið 2013 og fagnar því 10 ára afmæli á næsta ári. Þeirra tímamóta verður minnst með margvíslegum hætti.

## Lífir og hrærist í sjávarútvegi

Margrét ólst upp í Grindavík, hún starfar sem forstöðumaður gæðamála hjá Vísi hf. sem var stofnað af fjölskyldu hennar. „Ég hef verið með tengingu við sjávarútveginn frá blautu barnsbeini, mín fjölskylda lifir og hrærist í þessari atvinnugrein. Við tölum sjaldan um annað þegar við komum saman, hvort heldur er við eldhúsborðið heima eða í jólaboðum. Sjávarútveginn er alltaf fyrirferðamesta umræðuefnið,“ segir hún.

Sjálfr byrjaði hún ung að starfa hjá fyrirtækinu. Hún var til að byrja með í léttum störfum í vinnslunni, vann í humrinum og svo við saltfiskverkun og segir það hafa gert sér gott að taka til hendinni snemma auk þess að afla sér auka tekna með námi. „Þetta var algengt í sjávarplássum í eina tíð. Krakkar fóru snemma að vinna við sjávarútveginn og fengu þá innsýn í þessa skemmtilegu atvinnugrein,“ segir hún.

## Lifandi atvinnugrein og mikil gerjun

Margrét hefur um skeið stjórnað gæðamálum hjá Vísi, kom inn í verkefni fyrir nokkrum árum til að innleiða alþjóðlegan gæðastaðal í fyrirtækið en hún er lærður líftækni-fræðingur. Hún hefur komið víða við í gegnum tíðina, en alltaf komið til baka í sjávarútveginn þrátt fyrir nokkra útdúra. „Þetta er minn heimavöllur, það er svo gaman að fást við þessa grein, hún er svo lifandi og mikil gerjun í gangi. Hér eru nóg af verkefnum og engir tveir dagar eins.“

Margrét hefur starfað hjá fyrirtækinu síðan innleiðingarferlið var klárað. Hún sér um að gæðin standist allar kröfur sem gerðar eru til framleiðslunnar, hvort sem



■ Margrét Kristín Pétursdóttir, nýr formaður Félags kvenna í sjávarútvegi.

Mynd: Þórkátla Albertsdóttir.

það er frá eftirlitsstofnunum eða kaupendum. „Þessi atvinnugrein er svo heillandi, hún er fjölbreytt og margt skemmtilegt að gerast. Það hafa miklar framfarir orðið í greininni á liðnum árum og mikil nýsköpun í gangi. Gæðamálin hafa tekið miklum

breytingum í gegnum tíðina, regluverkið er orðið meira og markaðir eru almennt meðvitaðri um gæði og umhverfismál. Það leiðir af sér kröfur um vottanir varðandi allt vinnsluferlið og sjálfbæra nýtingu. Mikil áhersla hefur verið á fullnýtingu og mikil

tæknivæðing hefur verið í greininni. Kröfur um menntun hafa aukist og við það verður atvinnugreinin faglegri og það má líka segja að fyrirtækin séu almennt öflugri en þau voru fyrr á tíð. Það hefur margt jákvætt gerst í sjávarútvegi og æ fleiri konur hafa

*Gledileg jól og farsælt komandi ferðarár*



[www.utivist.is](http://www.utivist.is)



**ÚTIVIST**



■ Félag kvenna í sjávarútvegi var á ferð norðan heiða í haust og var mynd tekin af hópnum úti fyrir hátækni- og sprotafyrirtækjum.



■ Hluti af starfi Félags kvenna í sjávarútvegi er að kynna sér starfsemi sjávarútvegisfyrirtækja. Myndin var tekin í heimsókn KIS á Vestfirði. Hópurinn er hér við Pál Pálsson ÍS-102, sem er í eigu Hraðfrystihússins Gunnvarar hf.

séð tækifæri til að hasla sér völl innan þessarar atvinnugreinar," segir hún.

#### Konum hefur fjölgað í atvinnugreininni

Margrét hefur verið félagi í Konum í sjávarútvegi frá árinu 2017 og gleðst yfir hversu kraftmikill félagsskapurinn er nú þegar hillir undir að fyrsti áratugurinn sé að baki. Í félaginu eru konur úr ýmsum áttum, m.a. sjávarútvegsfyrirtækjum, háskóla-samfélaginu, fjármálastofnunum, þjónustugreinum, hátækni- og sprotafyrirtækjum.

Félagið hefur verið að rannsaka stöðu kvenna í greininni og á að baki tvær rannsóknir sem gerðar voru með fimm ára millibili af Rannsóknarmiðstöð Háskólans á Akureyri „þar má sjá að konum í fullu starfi hefur fjölgað í þessum geira. Við höfum hægt en órugglega verið að styrkja okkar stöðu og fleiri konur gegna nú stjórnunarstöðum. Það skiptir miklu fyrir okkur konur að hafa góðar fyrirmyndir í þessari grein," segir hún.

Félagið stendur fyrir ýmsum viðburðum frá hausti fram á vor þar sem félagskonur koma saman, fræðast um ýmis málefni tengd sjávarútvegi og gera sér glaðan dag. Margt áhugavert hefur verið í boði í haust og verður fram á vor en starfsárinu lýkur þá með árlegri vorferð sem að þessu sinni verður um sunnanverða Vestfirði. Á ferðum sínum um landið hafa félagskonur litið í heimsóknir til sjávarútvegisfyrirtækja og segir Margrét að ávallt sé vel tekið á móti þeim.

„Þetta hafa verið góðar og mjög fróðlegar ferðir. Það má segja að með þessum heimsóknum höfum við kynnst greininni betur og þeim nýjungum sem í henni eru. Einnig hafa viðburðirnar sem KIS stendur fyrir gefið okkur færi á að kynnst hvorri annarri betur með því að hittast og spjalla saman. Það er mjög mikilvægt fyrir okkur sem störfum í þessari grein að eiga gott og öflugt tengslanet.“

kis.is



*Óskum viðskiptavinum okkar og landsmönnum öllum  
gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári*

*Þökkum ánægjuleg samskipti á árinu sem er að líða*



• EIGNAumsjón

20 ára

Suðurlandsbraut 30  
108 Reykjavík - Sími 585 4800  
thjonusta@eignamsjon.is  
eignamsjon.is

# Ingólfur Arnarson

Arfleifð hans og Íslandssagan í nýju ljósi

## BÓKAFREGN

Bókin Ingólfur Arnarsson – Arfleifð hans og Íslandssagan í nýju ljósi er nýkomin út og tekur höfundurinn, Árni Arnason, tvær mikilvægar fullyrðingar, sem nemendum í Íslandssögu eru gjarnan kynntar í námi þeirra, til ítarlegrar skoðunar. Önnur þeirra er sú að fyrsti norræni landnámsmaðurinn, Ingólfur Arnarson, hafi sest að í Kvosinni í Reykjavík og þar hafi höfuðból hans verið að finna. Hin fullyrðingin er sú að Flóki Vilgerðarson eigi heiðurinn af nafni Íslands og það tengist vatni í frosnu formi, ís. Niðurstaða höfundar er sú að hvorug þessara fullyrðinga standist gagnrýna skoðun. Fræðasamfélagið kann því að hafa treyst þessum viðteknu skoðunum um of án þess að gagnrýna hvort heimildirnar um þær væru sannleikanum samkvæmt.

Hér á eftir er gripið niður í einum kafla bókarinnar. Tilvísunum er haldið vegna samhengis texta en ítarleg heimildaskrá er í lok bókarinnar. Millifyrirsagnir eru blaðsins.

### Norrænir menn og Keltar


Í Landnámu er sagt frá því að Leifur hafi farið í hernað í vesturvíking á meðan Ingólfur undirbjó brottför þeirra til Íslands. Leifur „herjaði á Írland ok fann þar jarðhús mikit. Þar gekk hann í, ok var myrkt, þar til er lýsti af sverði því, er maðr helt á. Leifr drap þann mann ok tók sverðið ok mikið fé af honum; síðan var hann kallaðr Hjörleifr“ [1968, bls. 41]. Þetta mikla jarðhús gæti hafa verið Newgrange en Knowth og Dowth eru einnig svipaðar hvelvingar ekki fjarri sem deila með Newgrange verunni á heimsminjaskrá UNESCO. Glampinn á sverðið minnir hins vegar óneitanlega á eðli jarðhúsanna.

Landnámsmenn úr Noregi höfðu margir þræla sem sumir voru keltneskir að uppruna. Norrænir menn virðast því hafa getað átt tjáskipti við þá sem mæltu á gelísku. Reyndar var það svo „þegar Ísland byggðist var norræna ekki aðeins töluð á sjálfum Norðurlöndum og í Færeyjum, á Hjaltlandi og í Orkneyjum heldur einnig í norrænum nýlendum sums staðar á Skotlandi og í Suðureyjum, á Írlandi og Englandi. Á mörgum stöðum bjuggu



■ Sólsetur við Keili hinn 22. desember 2020. Myndin er tekin við enda Suðurgötu í Reykjavík.

Ljósm. Kjartan Þorbjörnsson.





■ Grunnmynd þriggja skála frá landnámsöld við Aðalstræti.

Myndin er byggð á teikningu Bjarna F. Einarssonar 1995.

norrænir menn í nábýli við Kelta, sem á þessu víðáttumikla svæði töluðu írsku á Írlandi, skosk-gelísku á Skotlandi og mönsku [manx] á eyjunni Mön“ [Þórhallur Eypórsson, 1997–1998, bls. 254]. Þetta kemur í hugann þegar Ingólfur kom til Reykjarvíkur [Reyk-

arvík er ekki höfuðstaðurinn heldur víkin undan Kirkjusandi frá Laugarnesi að Höfða] en í Íslendingabók [1968, bls. 5] segir: þá váru hér menn kristnir, þeir es Norðmenn kalla papa, en þeir fóru síðan á braut, af því at þeir vildu eigi vesa hér við heiðna menn, ok



■ Grunnmynd skálans í Skallakoti sem grafinn var upp 1939.

létu eptir bækr írskar ok bjöllur ok bagla; af því mátti skilja, at þeir váru menn írskir.

### Skálar frá því fyrir landnám

Uppgröftur skálanna þriggja við Aðalstræti í Reykjavík [höfuðstaðnum] fellur einkennilega vel að þessari lýsingu. Aldursgreiningar virðast benda til þess að tvær þessara bygginga, skáli 1 og skáli 2, kunni að vera frá því fyrir landnám norrænna manna. Þá styðja mælingar á örkolum í sóti frá eldstæðum þessa niðurstöðu og þá að þessar byggingar hafi verið yfirgefnar skömmu eftir aldamótin 1000 [Páll Theódórsson, 2011, bls. 16]. Ágreiningur er um hversu löngu fyrir landnámið megi tímasetja þessar mannvistarleifar. „Alex Chepstow-Lusty telur að þennan tíma megi frekar telja í áratugum en öldum“ [Páll Theódórsson, 2010, bls. 513] en sjálfur hefur Páll farið lengra aftur með sitt mat á elstu byggð og reiknað með byggð á þessum stað frá því um það bil 720 til 1020 [2010, bls. 514]. Aðrir, menntaðir fornleifafræðingar, hafa hins vegar véfengt þessa niðurstöðu og hæðst að þeim „keltómaniökum“ „sem trúa á byggð „kelta“ og papa fyrir landnám Norðmanna [norrænna manna]“ [Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson, 2013, bls. 3]. Þá má bæta því hér við að sumir þeirra, sem hafa fjallað um tengslin við

bresku eyjarnar, hafa einnig fengið þann harkalega dóm að vera „utangarðsmenn í íslenskum fræðum [og] óskólalengnir í þeim efnum“ [Gunnar Karlsson, 1996, bls. 56].

Lega skálanna í Aðalstræti er sérstök að því leyti að mænir þeirra mun hafa verið í beina sjónlínu á Keili á Reykjanesi. Skáli 2 er 85,5 m<sup>2</sup> og í „stærri meðallagi meðal íslenskra og færeyskra skála frá víkingaöld“ [Orri Vésteinsson, 2006a, bls. 118]. Skálinn virðist þó ekkert höfðingjasetur. Sem dæmi sýnir uppgröftur á skálanum í Skallakoti í Bjórsárdal grunnflöt sem er nálægt 168,5 m<sup>2</sup> lauslega mælt [Roussell, 1943, bls. 58]. Þá veur eldstæðið í skála 2 í Aðalstræti athygli fyrir hversu stórt það er. Það gæti bent til þess að þar hafi verið kveiktur mikill eldur í skamman tíma sem gæti rímað við samkomu um vetrarsólstöður þegar hækkandi sól var fagnað. Þá gætu rostungsveiðimenn einnig hafa stundað þarna lýsisbræðslu. Fornmenn notuðu hellugryfjur þegar þeir bræddu lýsi af spiki rostungsins. „Slíkar gryfjur finnast oft við skipanaust.“ Örnefnið Hvalgrafir er sem dæmi að finna við naust Geirmundar heljar-skinns „mitt á milli höfuðbýla hans, Búðardals og Geirmundarstaða“ [Bergsveinn Birgisson, 2016, bls. 240–241].

## Um höfundinn

Árni Arnason varð stúdent frá Verzlunarskóla Íslands vorið 1970. Þá fór hann til náms við University of Minnesota um haustið. Hann lauk prófi í rekstrarhagfræði (MBA) frá þeim skóla árið 1974. Eftir heimkomuna réði hann sig sem hagfræðingur til Verzlunarráðs Íslands en hann varð síðan framkvæmdastjóri ráðsins á árinu 1979 þar til árið 1987 þegar hann gerðist framkvæmdastjóri hjá BYKO til ársins 1991. Seinast var hann stjórnarformaður þess félags í eitt ár. Á árinu 1991 keypti hann hlut föður síns í sameignarfélaginu ÁRVÍK sem þá var breytt í hlutfélag. Árni hefur verið framkvæmdastjóri hjá



ÁRVÍK hf. frá þeim tíma. Árni er kvæntur Jóhönnu Gunnlaugsdóttur prófessor. Þau eiga tvö börn, Gunnlaug og Höllu og fjögur barnabörn.

### Rostungstennur og geirfuglsbein

Fornleifarannsóknir í Suðurgötu 3-5 og Aðalstræti 14-16 styðja þá ályktun að skálarnir hafi verið einhvers konar vinnustaður: „Hvorugur þessara staða virðist mjög heppilegur til húsbýgginga ... Skálarnir í Aðalstræti eru allir byggðir þétt við brekkurætur ... Því hafa fylgt margvíslegir ókostir. Bæði hlýtur snjór að hafa safnast í kverkina milli skála og brekku og eins hlýtur vatn að hafa seytlad undan brekkunni á skálana“ (Orri Vésteinsson, 2006b, bls. 97). Flest íslensk bæjarstæði ber hátt. „Bæjarstæði í brekkurótum eru þannig e.t.v. einskonar byrjendamistö“ (Orri Vésteinsson, 2006, bls. 97) en landnámsmenn frá Noregi, sem þekkja snjóþyngsli, voru þó ekki líklegir til þess að gera slík mistök. Skálarnir kunna hins vegar að hafa haft annan tilgang en að vera vistarvera og svefnstaður. Ætla má að ríkarí kröfur séu gerðar til hífýla en vinnustaðar, þar sem unnið er við verkun og mælingar, um að vera laus við raka. „Þrjár rostungstennur fundust í skálanum“ við Aðalstræti sem segir ef til vill eitthvað um það hvað menn fengust við og „geirfuglsbeinin sem fundust“ segja eitthvað um hvað var auðveldast að afla til matar (Helgi Þorláksson, 2006, bls. 34). Rostungstennur, hausar og bein, hafa oft fundist á þessum slóðum (Bjarni F. Einarsson, 2011, bls. 39-40, bls. 42) sem enn frekar styður þá tilgátu að þarna gæti hafa verið verstöð rostungsveiðimanna. Reyndar er Reykjavík sá staður þar sem flest merki um rostunga hafa fundist á landinu (Keighley o.fl., 2019, bls. 2658).

Fyrstu áætlanir um Landnámsýninguna í Aðalstræti voru að „það tæki um það bil fjóra mánuði eftir að hótelið væri fullbyggt“, sem reist var yfir skálarústirnar, að þurrka rústina. Hún þornaði hins vegar miklu hægar en ráð var fyrir gert og öllum að óvörum kom í ljós að undir rústinu leyndist vatnssuppspretta“ (Hjörleifur Stefánsson og Þórunn Sigríður Þorgrímsdóttir, 2006, bls. 134).

### Vík í víðari merkingu

Hér skal ekki lagður dómur á hversu langt aftur má dagsetja elsta hluta þessara skála. Hinu skal hins vegar haldið fram að töluverð líkindi séu til þess að þessir skálar hafi þegar verið til staðar þegar Ingólfur kom til Reykjarvíkur. Og hvert var þá nafn staðarins ef þarna voru keltar fyrir sem mæltu á gellíska tungu? Það er einungis eitt nafn sem kemur til álita en það er Úig (MacLennan, 2005, bls. 360). Þetta heiti samsvarar orðinu Vík á íslensku en hefur víðari merkingu.

Orðið Úig á einnig við keilislaga stein sem er eins og píramíti eða þríhyrningur í laginu. Þessi merking verður einkar áhugaverð þegar hlustað er og horft á fyrirlestur Þórarins Þórarínssonar um Landnám Ingólfs og Móður Jörð [2009]. Þórarinn byggir fyrirlestur sinn á hugmyndum og verkum Einars Pálssonar [1970; 1991] og samvinnu þeirra þar sem þeir tengja saman fornar mælingar og mælingar á sólargangi. Þar koma við sögu landnámsbæir ættingja og tengdafólks Ingólfs eins og Hof á Kjalarnesi, þar sem Helgi Þjóra Þjó, og Loftstaðir, þar sem Loftur, sonur Orms Fróðasonar, bróður Hallveigar, konu Ingólfs, settist að. Hann nam land „fyrir

útan Þjórsá milli Rauðár ok Þjórsár ok upp til Skúfslækjar ok Breiðamýri ena eystri upp til Súluholts ok Þjó í Gaulverjabæ“ [Landnámabók, 1968, bls. 368]. Þar er að finna Loftstaðahól, 10 metra háan manngerðan hól. Efst á honum er steinvarða. Hóllinn myndar miðju í hring samkvæmt útreikningum Einars og Þórarins sem umlykur Suðurland. Til stóð að reisa vita á hólnum en hóllinn reyndist ekki vera nægilega traust undirstaða [Þórarinn Þórarínsson, 2009].

Ein merkilegasta ábendingin af mörgum í fyrirlestri Þórarins er tengingin við sólstöðumannvirkin á Írlandi og Orkneyjum. Þar sýnir hann fram á að sólsetur er í Keili

þegar horft var eftir mæni skálanna þriggja í Aðalstræti við vetrarsólvörð hinn 21. desember og báðum megin þeirrar dagsetningar en fyrir og eftir þann tíma sest sólin vestan Keilis. Þetta gefur staðarheitinu Úig [MacLennan, 2005, bls. 360] enn skiljanlegri merkingu af lögun Keilis.

### Gangur himintungla og tímatal

Af staðsetningu skálanna við Aðalstræti og frásögn Landnámu má ætla að Ingólfur og afkomendur hans hafi haft áhuga og skilning á sólargangi og tímatali. Þorkell Þorsteinsson var lögsögu- maður fimmtán sumur á árunum 970 til 984 þegar Þorgeir Ljós-

vetningagoði tók við embættinu af honum og gegndi því næstu sautján sumur. Þorgeir var afkomandi Heyjangurs-Þjarnar og þannig skyldur forvera sínum. Þorkels mána er sérstaklega getið í Íslendingabók fyrir það að sum- arauki var leiddur í lög að ráði hans „og annarra spakra manna“ [1968, bls. 11]. Með honum urðu sjö ár jafnlöng sjö júlíönskum árum án tillits til hlaupára. Það var þó fyrst fyrir hugkvæmni Stjórn- Odda (f. 1080 u.þ.b.) að full nákvæmni komst í tímatalið þannig að ákveða mátti sem dæmi vetrarsólvörð upp á dag [Þorkell Þorkelsson, 1926].

Frásögn Landnámu segir ekkert um það hvort Ingólfur og af-

komendur hans hefðu búið í Úig þótt hún bendi til sameiginlegra áhugamála með þeim sem reistu skálana í Úig [MacLennan, 2005, bls. 360], það er að fylgjast með gangi himintungla og tímatali. Í þá daga var landrymi nægt og því auðvelt fyrir Ingólf að velja sér höfuðból þar sem landkostir voru betri, eins og í Laugarnesi, og nýta eyjarnar Engey og Viðey, og lönd, sem síðar urðu sjálfstæðar jarðir, eins og Klepp, Gufunes, Vatnsenda og Elliðavatn en láta þá sem fyrir voru í Úig í friði [MacLennan, 2005, bls. 360].

**66°  
NORÐUR**

**Gleðilega hátíð**

Verslaðu á [66north.is](http://66north.is)  
Fylgdu okkur @66north

# Hugað að byggingu nýs brimvarnargarðs í Grindavík

Sérfræðingar frá Vegagerðinni eru að skoða möguleika á nýjum öflugum brimvarnargarði við útenda innsiglingarinnar í Grindavík að suðvestanverðu. Sá garður myndi skýla skipum á leið til Grindavíkur og út frá henni í innsiglingunni sjálfri. Innsiglingin er 70 metra breið og 10 metra djúp. Við vissar kringumstæður, til að mynda í 5 til 6 metra ölduhæð í suðvestanátt, er innsiglingin varasöm. „Ef þessi garður kæmi þarna þá væri skipum að mínu mati óhætt að sigla um innsiglinguna í 6-7 metra ölduhæð. Með því yrði höfnin nánast fær alla daga ársins meðan ölduhæð fer ekki yfir 7 metra og það eru mjög fáir dagar. Það eykur þá möguleika á meiri umsvifum, til dæmis komum millilandaskipa. Í siglingum slíkra skipa er ekki hægt að reiða sig á hafnir sem eru mikið lokaðar. Við erum að sjá tækifæri til að bjóða með garðinum höfn sem er miklu öruggari,“ segir Sigurður A. Kristmundsson, hafnarstjóri í Grindavík.

## Gæti virkað sem flóðvörn í höfninni

„Sérfræðingarnir hjá Vegagerðinni hafa sagt að þetta lofi góðu samkvæmt þeirra útreikningum. Ég er líka að gera mér vonir um að garðurinn muni líka virka sem flóðvörn inn í höfnina. Þann 6. janúar síðastliðinn kom mikið flóð sem fór yfir allar bryggjur og inn í frystihús Vísis og víðar. Ég tel að þessi garður verði það öflugur að hann myndi koma í veg fyrir svona fyllur sem geta komið inn í höfnina í sama mæli og þær geta gert nú. Svo er sá möguleiki fyrir hendi að taka boðann niður en við það breiðkar innsiglingarrennan um nálægt helming,“ segir Sigurður.

## Fiskeldið skapar mikil tækifæri

Nú er í uppbyggingu landeldi á laxi í Þorlákshöfn og á Reykjanesi. Þegar eldið verður komið í full afköst er gert ráð fyrir framleiðslu upp á tugi þúsunda tonna. Sigurður segir möguleika felast í því fyrir Grindavíkurhöfn.

„Í tengslum við fiskeldisuppbygginguna á Reykjanesi gætu flutningar á fódri farið um Grindavíkurhöfn því til að ala 50.000 tonn af laxi þarf 60.000 tonn af fódri. Við erum að flytja hingað um 20.000 tonn af salti á ári svo þrefalt það magn myndi geta komið í fiskifóðri, svo fremi sem það sé flutt til Grindavíkur með skipum. Það felast því miklir möguleikar í öllu þessu lagareldi, hvernig sem því vindur svo fram. Með brimvarnargarðinum verður höfnin öruggari og opnar betri leið fyrir öll skip, líka fiskiskip til að koma hingað til löndunar. Við erum að undirbúa okkur undir þetta og líka væntanlega aukin umsvif Síldarvinnslunnar í Grindavík með kaupnum á Vísi hf. Hér gætu orðið auknar landanir ef þeir nýta sér hátækni-frystihúsið á staðnum og nálægðina við Keflavíkurflugvöll til að auka útflutning á ferskum fiski,“ segir Sigurður.

## Þrefalt fleiri fódurflutningaskip

Nú þegar eru teikn á lofti um aukna umferð um höfnina tengda fiskeldi. Komur skipa með fiskifóður hafa nánast þrefaldast frá síðasta ári. Skipin eru 24 á þessu ári meðan þau voru aðeins 9 í fyrra. Það telur líka vel inn í umsvifin við höfnina.

„Ef þetta verður að veruleika verður framkvæmdin óhemju dýr og því þarf að vanda alla útreikninga á kostnaði annars vegar og ávinningi við framkvæmdina hins vegar. Það þarf að sannreyna að hún skili virkilega þeim hafnarbótum sem til er ætlast. Við förum ekki í þessa framkvæmd nema hún komi að fullum notum. Nú er hægt að keyra líkón í tölvum til að skoða



■ Sigurður A. Kristmundsson, hafnarstjóri, segir að gerð nýs brimvarnargarðs ráðist af umsvifum hafnarinnar nú og í nánustu framtíð.



■ Sjvárfloðin í janúar í ár. Nýi garðurinn gæti dregið úr slíkum flóðum.



■ Unnið að lagfæringu Kvíabryggju, skipt um dekk og fleira.

hverju svona brimvarnargarður skilar. Svo þarf að meta ávinninginn fyrir höfnina.”

## Aukin umsvif þarf til að standa undir framkvæmdinni

Þegar Vegagerðin metur þörfina á þessari framkvæmd, leggur hún til grundvallar núverandi umsvif í höfninni. Sigurður segir að ef umsvifin í dag eru nægileg, plús þau auknu umsvif sem gert er ráð fyrir til að standa undir kostnaði við framkvæmdirnar þá sé hægt að leggja af stað í verkefnið.


„Ef hins vegar umsvifin verða ekki talin nægileg fáum við ekki fjármagn í framkvæmdina. Þess vegna er ákaflega mikilvægt að fyrirtækin hér haldi áfram að landa fiski hér eins og til dæmis Þorbjörn gerir með frystitogarana sína. Þeir landa hér í 95% tilvika. Ísfiskskipin landa ekki eins reglulega hér, enda oft að veiðum langt frá heimahöfn.“

Það er hins vegar alltaf sárt að sjá heimaskipin landa í öðrum tiltölulega nálægum höfnum. Ég held að menn átti sig

ekki alltaf á því að við fáum ekki fé til framkvæmda nema umsvifin séu stöðug og tekjur hafnarinnar standi undir kostnaði við þær. Þegar skipin landa annars staðar stendur höfnin hér tóm en við erum að reyna að sýna fram á umsvif sem nægja til að fá fjármagn til að fara í framkvæmdir sem öllum koma til góða. Framkvæmdir sem gera innsiglinguna eins góða og við sjáum fyrir okkur. Þetta er svolítið sárt því þetta er hagur allra fyrirtækjanna hér. Þegar grannt er skoðað fara hagsmunir hafnarinnar og útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækjanna saman. Því meira sem höfnin ber úr bítum því meira getur hún gert fyrir fyrirtækin á staðnum, sem og aðra sem sjá sér hag í að landa í Grindavík,“ segir Sigurður.

## Líftími Kvíabryggju lengdur

Nú standa yfir framkvæmdir við Kvíabryggju. Skipt er um dekk og bætt við undirstöðustaurum, reknir niður um átta staurar og endurnýjaðir snitteinar í



■ Teikning úr hafnareiknilíkani Vegagerðarinnar af nýjum varnargarði í Grindavík og uppsettri öldu sem kemur úr suðvestri sem ekki er óalgengt að gerist á svæðinu. Hér verður ekki um villst að mikið skjól kemur af garði sem lagður yrði að SV - enda innsiglingarinnar. Skip í innsiglingu hafa þá öruggt skjól í 70 metra breiðri rennunni. Einnig er til skoðunar að fjárlægja Sundboðan alveg og myndi innsiglingin tvöfaldast við þá aðgerð að minnsta kosti.


löndunarkrönunum og langbönd á framhliðinni. Það var ýmislegt sem var orðið fúíð.

„Við vonum að við fáum 15-20 ára lengingu á endingu bryggjunnar með þessum viðgerðum. Við notuðum svo tímann til að að auka öryggi við bryggjuna. Okkur ber skylda til þess samkvæmt reglugerð um öryggi í höfnum að hafa ljós í öllum stigum. Við lögðum því rafmagn í nýja stiga sem komu í leiðinni. Því verða fáir stigar eftir á bryggjunum hjá okkur sem eru ekki með raftenging ljós. Það hefur reyndar gengið illa að halda ljósunum í lagi því það flæðir svo mikið hér yfir bryggjuna við tilteknar aðstæður. Við erum að vona að þessi nýju ljós muni lifa það af að fara vel á kaf. Við erum að finna út hvaða ljós henta best við þessar aðstæður hjá okkur.“

Fyrir utan þetta er þekjan á Suðurgarði ónýtt en þar landa togararnir okkar. Hún verður brotin upp á næsta ári og endurgerð. Þekjan hefur verið að síga mikið og virðist það víða vera vandamál. Það koma djúpar dældir í hana og fyrir vikið liggur of mikið vatn þar,“ segir Sigurður A. Kristmundsson.

# Vinir við veginn

Fyrir  
gleðileg jól



Fyrir  
farsælt komandi ár



**olis**



■ Bjarnheiður Hallsdóttir, formaður Samtaka ferðapjónustunnar, segir árið sem nú er brátt á enda hafa verið ferðapjónustufyrirtækjum gott. Það byrjaði í hægagangi en með vorinu má segja að allt hafi sprungið út og ferðamenn streymdu til landsins.

Bjarnheiður Hallsdóttir formaður Samtaka ferðapjónustunnar

# Gott útlit fyrir komandi ár en ógnanir vissulega fyrir hendi

Tekjur af ferðamönnum hafa aldrei verið meiri en í ár en mikill viðsnúningur varð á vordögum þegar ferðalangar fóru að steyma til landsins í stríðum straumum. Fyrri hluti ársins hófst á faraldurstakmörkunum og útlitið var ekki sérlega bjart fyrir atvinnugreinina eftir að landsmenn höfðu eytt jólum og áramótum í fámennum jólakúlum. „Þegar upp verður staðið verður þetta mjög gott ár fyrir ferðapjónustuna,“ segir Bjarnheiður Hallsdóttir formaður Samtaka ferðapjónustunnar.

Fyrstu mánuðir ársins einkenndust af hægagangi, enda setti heimsfaraldur kórónuveirunnar enn sterkt mark sitt víða um heim og takmarkanir af ýmsu tagi voru í gildi. Bjarnheiður segir að um áramót hafi óvissa verið ríkjandi, enginn vissi hvort eða hvenær hjólin færu að snúast á ný. Allt hafi verið í hægagangi, sumir jafnvel legið með sín fyrirtæki í dvala, „en svo þegar fór að vora fór allt af stað og miklu hraðar en nokkur átti von á. Það gerði að verkum að endurræsa þurfti greinina. Það var rokið af stað með mjög skömmum fyrirvara þegar sást í hvað stefndi,“ segir hún.

## Verra að fá fólk til starfa en áður

Flest fyrirtækjanna höfðu í ljósi reynslu undangenginna missera haft varkárni að leiðarljósi í sínum rekstri. Það vantaði mjög víða mannskap inn í fyrirtækin og segir Bjarnheiður að hann hafi ekki endilega legið á lausu. Atvinnuleysi hafi verið lítið sem ekkert hér á landi og af ýmsum ástæð-



■ Geysissvæðið er meðal fjölsóttustu ferðamannastaða landsins.



um gengið verr en áður að fá erlent vinnuafli.

„Það var erfiðara að fá fólk til starfa og tókst ekki í öllum tilvikum að fullmanna allar stöður sem til voru en einhvern veginn gekk þetta. Starfsfólk sem fyrir var vann meira en vissulega má segja að greinin hafi hökt svolítið af stað þarna á vordögum enda að koma út úr mjög erfiðu tímabili sem tók verulega á.“

Þegar lítið sé til baka megi þó segja að í heild hafi tekist vel til, greinin hafi tekið vel við sér og mikið var að gera í ferðabjónustunni. „Þetta gekk upp en var vissulega erfitt. Það má segja að Ísland hafi verið uppselt í fjórar til sex vikur yfir hásumarið, það var bara þannig,“ segir hún og bætir við að góður straumur hafi verið lengi fram eftir hausti. „Ferðatíðin náði mun lengra inn á haustið en áður og það hefur verið mikið um ferðafólk hér á landi í allt haust og fram á vetur.“

#### Góð innspýting eftir erfið ár

Þessi góða tíð sem hófst með nokkurs konar sprengju í vor hefur í för með sér að tekjur af ferðafólki hafa aldrei verið eins miklar og nú í ár og segir Bjarnheiður það koma ferðabjónustufyrirtækjum einkar vel nú. Þau séu að koma út úr mjög erfiðu tímabili og veiti ekki af innspýtingu. Flest hafi gengið verulega á eigið fé og þurfi á góðum tekjum að halda til að ná að rétta reksturinn af. Hún segir að merkja megi á síðustu mánuðum að ferðamenn dvelji lengur á landinu en áður og það skýri að hluta auknar tekjur fyrirtækja í ferðabjónustu.

„Það má gera ráð fyrir að margt fólk hafi lítið og jafnvel ekkert verið á ferðinni á meðan faraldurinn gekk yfir og sé því tilbúið að fara í lengri og dýrari ferðir en áður, að fólk vilji gera vel við sig eftir erfiðan tíma og hafi átt pening til að eyða,“ segir hún.

Bandaríkjamenn eru um þriðjungur gesta sem ferðast til Íslands og vinnur það með okkur að gengi dollars gagnvart krónu er hagstætt um þessar mundir. „Ef til vill



■ Mannmargt á björtum sumardegi í Námaskarði. Tekjur af erlendum ferðamönnum í ár stefna í að slá met.

skýrir það líka eitthvað eyðslugleði þeirra í ár.“

#### Bjartsýn á næsta ár

Horfur fyrir næsta ár eru að sögn Bjarnheiðar ágætar. Bókunarstaðan er mjög góð og á fjölsóttustu stöðum landsins er ómögulegt að fá gistingu yfir háannatímanna. „Það er víða mjög þétt bókað og ef fer sem horfir verður mikil umferð ferðamanna hér á landi á næsta ári,“ segir hún en nefnir

að ógnanir af ýmsu tagi liggi í leyni. Þar megi nefna að efnahagshorfur hafi víða versnað, einkum í Evrópulöndum, sem rekja megi að hluta til hækkunar á orkuverði. Verðbólga sé þar mikil og sömuleiðis nefnir hún að styrjöldinni í Úkraínu sé alls ekki lokið. „Það er talsverð óvissa til staðar sem getur þróast í hvaða átt sem er. Ef illa fer, t.d. ef kaupmáttur minnkar mikið, getur sú þróun haft áhrif á ferðavilja fólks.“

Bjarnheiður segir Ísland sé dýr áfanga-

staður, það sé staðreynd. Því megi leiða að því líkum að þeir ferðamenn sem sækja landið heim sé sá hópur sem er minna viðkvæmur fyrir þeim efnahagsþrengingum sem nú ríkjá. „Ísland verður áfram dýrt land en við trúum því að þeir sem ráð hafa á að veita sér Íslandsferð haldi áfram að koma.“

saf.is

# GLEÐILEGA HATÍÐ

## OG TAKK FYRIR SAMSTARFIÐ Á ÁRINU



### UMBÚÐAMIÐLUN

555 6677 | umb.is | Korngörðum 5, Reykjavík

# Fiskur til hátíðarbrigða

Þó kjötmetið sé algengast á borðum Íslendinga um hátíðarnar kjósa margir fiskmetið frekar eða að minnsta kosti inn á milli kjötmáltíðanna. Hér eru fjórar uppskriftir að girnilegum fiskréttum sem kitla svo sannarlega bragðlaukana og setja punktinn yfir i-ið um hátíðarnar. Þessar og fleiri fiskuppskriftir er að finna á fréttavefnum audlindin.is



## HIMNESKUR HÖRPUDISKUR

500 g hörpudiskur, um það bil 10 til 15 bitar eftir stærð.  
500 g cherry tómatar  
1 vorlaukur, saxaður  
rifinn börkur af einni sítrónu og helmingur af henni í sneiðum.  
½ bolli af ólífuolíu  
1 tsk. muldar rauðar piparflögur  
salt og pipar eftir smekk  
¼ bolli ósaltaðar jarðhnetur smávegis af smjöri  
graslaukur og basilíka

### Matreiðsla

Setjið tómatana í eldfast mót, best að stinga á þá, svo þeir gefi safann frá sér. Bætið þá vorlauknum, sítrónuberkinum og sneiðunum út á, hellið olíunni yfir og dreifið hnetunum yfir. Bakið í ofni við 180°C í 35 til 40 mínútur.

Þurrkið hörpudiskbitana og kryddið. Steikið hörpudiskinn í olíu við háan hita í 2 til 2 ½ mínútur snúið þeim við og setjið smjörklípuna út á þönnuna og steikið í mínútu til viðbótar. Takið þönnuna af hitanum og leggið hörpudiskinn til hliðar.

Setjið tomatblönduna ásamt basilíkunni á þönnuna og látið suðuna koma upp. Bætið þá hörpudiskinum, hnetunum og graslauknum út í.

Berið réttinn fram í fjórum skálum, eða fleiri eftir þörfum.



## FISKISÚPA TIL HÁTÍÐARBRIGÐA

1 msk. ólífuolía  
1 msk. smjör  
75 g spænsk kryddpýlsa, afhýdd og skorin í smáa tenginga  
1 meðalstór laukur, saxaður  
1 stór kartafla, um 30g, skorin í smáa teninga  
1 lárviðarlauf  
2 stönglar ferskt timían  
1 tsk. reykt paprika  
5 ballar af fiskisoði  
1 tsk. salt  
½ tsk. nýmalaður svartur pipar  
½ bolli rauð paprika, söxuð  
300 g ýsa, roð- og beinlaus í fremur smáum bitum  
300 g rækjur  
300 g hörpudiskur, bitarnir helmingaðir ef þeir eru stórir  
1 bolli rjómi  
2 msk. saxaður graslaukur

### Matreiðsla

Hitið olíu og smjör í djúpri þönnu. Steikið kryddpýlsbitana svo að þeir verði stökkir. Takið bitana af þönnunni og látið renna af þeim á eldhúspappír. Bætið þá lauknum á þönnuna og látið hann mýkjast þar.

Notið rúllupylsugarn til að hnýta timían greinarnar saman. Festið garnið við handfangið á þönnunni þannig að timíanið liggir ofan í þönnunni. Bætið kartöflunum og lárviðarlaufinu út í og kryddið með paprikunni. Bætið þá fiskisoðinu út í og látið sjóða þar til kartöflurnar eru orðnar nægilega mjúkar til að mauka þær. Saltið að smekk og bætið paprikunni út í.

Bætið þá ýsunni út í og hrærið varlega. Látið malla í 6-8 mínútur. Bætið þá hörpudiskinum út í og látið sjóða í eina mínútu. Fjarlægjið timían buntið og lárviðarlaufið og hellið rjómanum út á þönnuna. Setjið loks rækjuna út í og hrærið varlega saman.

Jafnið súpunni á diska og notið kryddpýlsuna og graslaukinn sem skraut ofan á. Berið súpuna fram með vel völdu brauði. Glas af hvítvíni myndi ekki spilla, fyrir þá sem þess vilja njóta.



## KÓKOSHJÚPAÐIR HUMARHALAR

12 humarhalar  
¼ bolli maisenamjöl  
¾ tsk. salt  
¼ tsk. cayenne pipar  
1 bolli kókosmjöl  
2 eggjahvítur  
1 msk. kókosmjólk  
olía til steikingar

### Kóríanderolía

1 búnt ferskt kóríander  
10 fersk myntulauf  
2 dl jómfrúarolía  
sjávarsalt og nýmalaður pipar

### Matreiðsla

Hreinsið humarinn en skiljið endann á halanum eftir. Blandið maisenamjöli, salti og cayenne pipar saman í skál. Setjið kókosmjólið í aðra skál. Þeytið saman kókosmjólk og eggjahvítur, veltið humrinum upp úr maisenamjölinu, dýfið honum því næst í eggjablönduna, svo í kókosmjólið og þrýstið létt. Hellið olíu í pott þannig að hún sé 5 cm á dýpt. Hitið vel og steikið humarinn í litlum skömmtum og látið olíuna renna af honum á eldhúspappír.

Setjið jurtnar í matvinnsluvél og maukið, lækkið hraðann á vélinni og hellið olíunni varlega út í og kryddið svo með salti og pipar. Berið humarinn fram með kóríanderolíunni og klettasalati.



## ÞORSKUR Í HVÍTVÍNS- OG TÓMATSÓSU

Þorskurinn er í uppáhaldi hjá ansi mörgum, enda hægt að matreiða hann óteljandi vísu. Hér kemur ein suðræn og þægileg uppskrift. Bæði holl og góð.

Fjögur góð þorskstykki svipuð að þyngd, hvert um sig um 200 g.  
2 msk ólífuolía  
salt og pipar

### Hvítvins- og tómatósósa

2 msk. olífuolía  
½ tsk. muldar rauðar piparflögur  
3 stór hvítlauksrif smátt söxuð  
10 cherry tómatar skornir til helminga  
1 dl hvítvín  
½ bolli fersk basilíka, söxuð fint  
2 msk. ferskur sítrónusafi  
½ tsk. sítrónubörkur  
½ tsk. salt, eða meira eftir smekk  
¼ tsk. nýmullinn svartur pipar. Eða meira eftir smekk

### Matreiðsla

Hitið olíu á stórra steikingarþönnu. Haldið henni á meðalhita, bætið út á piparflögum og hvítlauk og látið steikjast í um það bil eina mínútu eða þar til laukurinn er byrjaður að gyllast. Setjið þá tómatana á þönnuna og steikið í 9-12 mínútur, þannig að þeir verði mjúkir, byrji að flagna en haldi þó lögun sinni. Bætið þá hvítvíninu út í og látið malla í 2-4 mínútur. Hrærið loks basilíkunni, sítrónusafa og sítrónuberki saman við, saltið og piprið. Setjið sósuna í skál, leggið til hliðar og haldið heitri.

Hitið ólífuolíu á góðri þönnu að meðalhita. Kryddið þorskurinn með salti og pipar. Steikið þorskurinn í olíunni á báðum hliðum þar til hann er orðinn gullinn og gegneldaður. Hellið sósunni yfir fiskinn og berið strax fram með soðnum kartöflum og/eða hrísgrjónum og góðu salati.



Óskum starfsfólki,  
viðskiptavinum, samstarfsaðilum  
og landsmönnum öllum  
gleðilegra jóla og  
farsældar á nýju ári.

**Set**  
Set ehf • Röraframleiðsla



# Frumkvöðlar í skipahönnun

*Óskum viðskiptavinum og  
landsmönnum öllum gleðilegra jóla  
og farsældar á nýju ári*

**NAUTIC**  


Kringlan 4-12 // 103 Reykjavík  
Sími 5 400 515  
nautic@nautic.is  
nautic.is



■ Hér sést byggðin þegar öll húsin hafa risið. Sjá má Ölfusárbrú efst til hægri. Mjólkurbúsbyggingin úr fyrri áfanga blasir líka við.

Miðbærinn á Selfossi

# Fjörutíu hús bætast við

Uppbygging nýs miðbæjar á Selfossi hefur þótt takast afar vel en þar hafa verið byggð 13 hús í eftirgerð húsa sem áður stóðu víða um land. Næsta vor hefst uppbygging seinni áfanga þessarar nýstárlegu byggðar og verða þá byggð 40 hús til viðbótar. Gert er ráð fyrir að framkvæmdatíminn verði um 36 mánuðir. Kostnaður við verkið er á milli 12 og 13 milljarðar króna.

## Aðlaðandi miðbæjarumhverfi

„Í þessum seinni áfanga munum við byggja á því sama sem er að skapa aðlaðandi miðbæjarumhverfi með íbúðum, verslunum, hótélum, vinnustöðum, veitingastöðum og menningarstarfsemi. Reist verða falleg litrík hús, hæfilega stór og þau látin mynda almannarými sem fólk sækir í. Hugmyndafræðin er einnig áfram sú að endurreisa áhugaverð hús sem eitt sinn stóðu á Íslandi en eru annað hvort brunnin til grunna eða voru rifin,“ segir Leó Árnason, stjórnarformaður Sigtúns þróunarfélags sem stendur fyrir framkvæmdunum.

## Mörg landsþekkt hús

Mörg sögufræg hús verða í næsta áfanga eins og Selfossbíó, Hótel Ísland í Reykjavík, sýslumannshúsið í Stykkishólmi, Málmejarhús í Skagafirði, Konráðshús í Mjóafirði, Hótel Oddeyri á Akureyri, Evangerhús frá Siglufirði og sýslumannshúsið á Eskifirði svo nokkur dæmi séu tekin. Þá verða 55 íbúðir í áfanganum og tvö ný hótél.



■ Horft vestur eftir nýrri göngugötu sem liggja mun syðst í miðbæjarkjarnanum. Á þessu svæði verður veitinga- og verslunarstarfsemi.



■ Templarahúsið sem reist var á Ísafirði 1905, var teiknað og byggt af Ragúel Á. Bjarnasyni húsasmið. Það brann í apríl 1930. Í miðbænum á Selfossi verður byggingin hluti af hóteli sem er vinstra megin við Templarahúsið.



■ Stóra rauða húsið er endurreist hús Evanger bræðra frá Noregi sem reist var sem síldarverksmiðja við austanverðan Siglufjörð árið 1911. Húsið eyðilagðist í snjóflóði 1919. Það verður hluti af öðru tveggja hótela í miðbænum. Vinstra megin við Evangerhús má sjá Kolviðarhól, (hvítt með rauðu risþaki) en það var frægt gistihús sem stóð undir Hellisskarði þar sem áður lá leiðin yfir Hellisheiði. Starfsemi í því var hætt 1952 og húsið rifid 1977.

# Dynjandi óskar ykkur gleðilegrar hátíðar með þökk fyrir viðskiptin á árinu

Við sérhæfum okkur í öryggisvörum svo sem heyrnarhlífum og samskiptabúnaði, fallvörnum, hjálmum, vinnu- og öryggisfatnaði, gasmælum, öryggisgleraugum og höfuðljósum. Auk þess erum við með mikið úrval af hábrýstidælum, rafstöðvum, loftpressum, o.fl.



**DYNJANDI**  
allt fyrir öryggið

Skeifunni 3h | Sími: 588 5080 | [dynjandi.is](http://dynjandi.is)



## Það borgar sig að vera í stjórnendafélagi!

**Ert þú í stjórnunarstöðu hjá fyrirtæki eða starfsmaður sem hefur mannaforráð?**

**Ert þú einyrki og stundar sjálfstæða atvinnustarfsemi?**

Aðildarfélög Sambands stjórnendafélaga eru ellefu talsins um land allt.

Félagsmenn eiga rétt á aðstoð úr einum besta sjúkrasjóði landsins og njóta styrkja úr einum öflugasta menntasjóði lamsins til að sækja sér aukna menntun í starfi.

- » Launavernd í allt að 9 mánuði í veikindum
- » Styrkir vegna veikinda maka eða barna
- » Styrkir til kaupa á gleraugum og heyrnartækjum
- » Styrkir vegna fæðingar barns
- » Tryggingavernd allan sólarhringinn!
- » Aðgangur að tugum orlofshúsa og íbúða um land allt
- » Dánarbætur vegna andláts félagsmanns
- » Einstaklingsbundin þjónusta
- » Lögfræðiaðstoð

Kannaðu hvort þú eigir erindi í eitthvert ellefu aðildarfélaga STF.

*Við tökum vel á móti þér!*

Samband  
stjórnendafélaga



Hlíðasmára 8  
201 Kópavogur  
Sími 553 5040  
stf@stf.is  
www.stf.is

*Óskum landsmönnum  
glæðilegra jóla  
og farsældar á árinu 2023*

# Ný samtök menntafyrirtækja

**Samtök menntatæknifyrirtækja er nýr starfsgreinahópur innan Samtaka iðnaðarins en stofnfundur samtakanna var haldinn í síðasta mánuði. Samtökin hafa það að markmiði að vinna að hagsmunum og stefnumálum menntatæknifyrirtækja, ásamt því að stuðla að vexti og viðgangi greinarinnar í heild sinni, íslensku menntakerfi til framtíðar.**

**Auka þekkingu á menntatækni**  
Íris E. Gísladóttir, formaður Samtaka menntatæknifyrirtækja og stofnandi Evolytes: „Menntatæknifyrirtæki hafa átt erfitt uppráttar hér á landi meðal annars vegna hamlandi regluverks. Með stofnun samtakanna viljum við auka þekkingu á menntatækni sem iðngrein og hafa áhrif á umbætur í starfsumhverfinu þannig að samkeppnishæfni menntatæknifyrirtækja eflist. Við viljum

auka tengsl við atvinnulífið, rannsóknasamfélagið og skólasamfélagið, allt frá leikskóla upp í háskóla. Kennsla fyrir störf framtíðarinnar byggir á aukinni notkun upplýsingatækni og því er mikilvægt að menntatækni verði nýtt til fulls í skólakerfinu.“

## Rótgróin iðngrein

Í frétt frá SI segir: „Menntatækni er rótgróin iðngrein sem á sér áratuga sögu en á Íslandi er greinin tiltölulega ung. Hún hefur þó burði til að geta bætt árangur nemenda hér á landi, auka gildi

íslenskunnar og rennt fleiri stöðum undir íslenskt hagkerfi. Með aukinni nýtingu á menntatækni er hægt að umbylta kennsluaðferðum og ná meðal annars betri árangri í læsi og stærðfræði.“

Í stjórn Samtaka menntatæknifyrirtækja eru Íris E. Gísladóttir hjá Evolytes sem er formaður, Eloise Freygang hjá Beedle, Jón Gunnar Þórðarson hjá Mussila, Hinrik Jósafat Atlason hjá Atlas Primer og Helgi S. Karlsson hjá Beanfee.

si.is



■ Frá stofnfundi Samtaka menntatæknifyrirtækja. Talið frá vinstri: Árni Sigurjónsson, formaður SI, Jón Gunnar Þórðarson hjá Mussila, Eloise Freygang hjá Beedle, Íris E. Gísladóttir hjá Evolytes, Helgi S. Karlsson hjá Beanfee, Hinrik Jósafat Atlason hjá Atlas Primer og Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins.

Ljósmynd. BIG.



■ Hafin er bygging 42 leiguíbúða við Kirkjusand en Búseti og Brynja, leigufélag ÖBÍ, standa fyrir framkvæmdum.

## Búseti og Brynja í samstarf

Framkvæmdir eru nú hafnar við Hallgerðargötu 20 í Reykjavík en þar eru Búseti og Brynja, leigufélag Öryrkjabandalagsins, að reisa 42 íbúðir sem reiknað er með að verði tilbúnar um mitt ár 2024. Búseti byggir 37 íbúðir og Brynja fimm. GG Verk sér um byggingarframkvæmdir en Gláma-Kím hannaði húsin.

Í kynningarriti Reykjavíkurborgar um íbúðamarkaðinn sem út kom í haust segir Bjarni Þór Þórólfsson framkvæmdastjóri Búseta: „Við hjá Búseta erum mjög spennt að byggja á þessu svæði sem er í nálægð við fjölmörg útvistar- og náttúrusvæði í Lauganeshverfi og Laugardal, að ógleymdum heilsustíg meðfram Sæbraut. Stíll húsa rímar við útlit þeirra húsa sem fyrir eru og þau sem áformað er að byggja við Kirkjusand, samkvæmt gildandi skipulagi svæðisins.“

Eins og áður sagði eru það Gláma-Kím arkitektar sem hanna húsin við Hallgerðargötu 20 en þau samrýmast viðmiðum um algilda hönnun þar sem áhersla er á gott aðgengi fyrir alla. Um er að ræða tvískipta byggingu með bílakjallara sem verður staðsteypt og klædd að utan. Íbúðirnar eru fjölbreyttar að stærð og gerð, tveggja til fimm herbergja, frá 60-140 m<sup>2</sup> að stærð. Bílastæði í sameiginlegum bílakjallara fylgja flestum íbúðanna og þar eru möguleikar á tengingum fyrir rafhleðslu bifreiða.

## Að sjá verðmæti

Flest nýsköpun felst í að koma auga á nýja möguleika í því sem fyrir er. Finna not fyrir það sem áður var hent. Sjá tengingar sem aðrir sjá ekki. Okkar hlutverk er að auðvelda þeim sem þetta geta að pakka hugmyndunum sínum inn og koma þeim í framkvæmd, okkur öllum til hagsbóta.

**Mátís er öflugt þekkingarfyrirtæki sem sinnir fjölbreyttu rannsóknar-, þjónustu- og nýsköpunarstarfi.**



Óskum starfsfólki í íslensku atvinnulífi  
gleðilegra jóla og velfarnaðar á árinu 2023



www.matis.is

# Óskum landsmönnum gleðilegr



**Hvalur hf.**  
Reykjavíkurvegi 48  
220 Hafnarfjörður



**AGS fiskmarkaður**  
Grímsey



Hafnargötu 12 · 240 Grindavík



olfus@olfus.is  
thorlakshofn.is





# Þrá jóla og farsældar á nýju ári

**ALVAR**

**Simberg ehf**

Askalind 2, 201 Kópavogur

**RUBIX**



**VOOT**  
www.voot.is



Sjómannafélag Eyjafjarða

**Brimrún**

FURUNG



**FISKISTOFA**



**BYGGÐASTOFNUN**

**SKIPARADIÓ**

MARINE ELECTRONIC SERVICE



**AFLHLUTIR**

Vinnslustöðin  
Vestmannaeyjum



**Skipaskoðun**  
um allt land – BSI á Íslandi

**FISKMARKAÐUR**  
SNÆFELLSBÆJAR



**RAMMI**



**marel**

**GA**

**SMÍÐAJÁRN**

**RITFORM**

**RARIK**



**VÉLAR & SKIP**

**RSF**



Vopnafjarðarhöfn



**ESKJA**



Sjómannasamband  
Íslands

**JAKOB VALGEIR EHF**

**ÆGIR**

**SÓNAR**  
HEILDARLAUSN  
Í SIGLINGATÆKJUM

# Straujárnið í New York

## BYGGINGARLISTIN

Valþór Hlökkversson skrifar

Eitt helsta einkenni New York borgar í Bandaríkjunum eru himinháu skýjakljúfarnir sem gnæfa yfir mannlífinu á Manhattan. Þar hafa löngum verið hæstu byggingar veraldar; sannkölluð furðuverk öllu venjulegu fólki sem enn þann dag í dag skilur ekki hvernig unnt hefur reynst að smíða þau til himins. Hér ætlum við að fjalla lítillega um eitt fyrsta háhýsið sem reis í New York árið 1902 og markaði strax djúp spor í söguna. Byggingin hlaut strax gælunafnið Flatiron vegna lögunar sinnar. Í dag er þetta ein þekktasta bygging heims.

### Burðarvirki úr stáli

Fyrsti svokallaði „skýjakljúfur“ New York borgar reis af grunnni á Manhattan haustið 1889. Það var Tower byggingin við Broadway sem nýtti sér nýja tækni með allt burðarvirki úr stálgrind. Byggingin þótti á þeim tíma himinhá; 11 hæðir og 33 m á hæð! Þessi nýja hönnun ruddi sér fljótt til rúms og urðu háhýsin í fjármálaverfinu æ hærrí með hverju árinu. Aðeins áratug eftir að Tower byggingin reis af grunnni voru hæstu stálgrindarhúsin orðin þrisvar sinnum hærrí og þegar Tower var rifinn árið 1913 var Woolwort byggingin risin; 241 m á hæð! Þeir hafa lengi verið stórtækir í henni Ameríku. Víkjum nú sögunni að Flatiron.

### Byggt á þröngri lóð

Saga Flatiron byggingarinnar hefst á því að um þarsíðustu aldamót komst eigandi þekktis byggingafyrirtækis, George A. Fuller að nafni, að þeirri niðurstöðu að reisa þyrfti stórhýsi yfir starfseminna sem óx hröðum skrefum á þessum velmektarárum nýrrar aldar. Þessi forriki athafnamaður hafði auðgast á ævintýralegru uppbyggingu borgarinnar og hann hugsaði stórt.

Fullerfyrirtækið fól nú einum fremsta arkitekt Bandaríkjanna á þeim tíma, Daniel Burham að nafni og aðstoðarmanni hans, Frederick P. Dinkelberg, að hanna byggingu höfuðstöðva Fullers úr stáli og terracotta leir og má víst telja að fáir hönnuðir hafi fengið eins erfitt verkefni til úrlausnar.


Lóðin sem Fuller hafði fest sér var örsmá; þríhyrningslaga skiki á gatnamótum tveggja höfuðstræta í New York. Byggingaverktakinn fékk auðvitað leyfi til að nýta skikann vel og ákvað að húsið yrði það hæsta í borginni þá; heilir 86,9 m á hæð! Því miður varð Georg af þeirri ánægju að sjá stálbygginguna sína rísa af grunnni því hann lést síðla árs 1900, aðeins 49 ára gamall. En sagan hélt áfram.

### Tertusneið og straujárn

Nýja byggingin reis fuðrufljótt af stalli upp í sína 21 hæð á gatnamótum Fifth Avenue, Broadway og 23. götu í Flatiron-hverfinu á Manhattan. Nokkrum árum síðar var efstu hæðinni bætt við svo nú er byggingin 22 hæðir. Við vígsluna hlaut hún formlega nafnið Fuller byggingin enda höfuðstöðvar samnefnds byggingafyrirtækis þar til húsa á efstu hæðum.



■ Flatiron byggingin í New York er sannkallað listaverk, hönnuð af arkitektunum Daniel Burham og Frederick P. Dinkelberg.



■ Þríhyrningurinn. Svona lítur dæmigerð grunnteikning Flatiron út.



■ Augnayndi. Byggingin er hönnuð í Beaux-Arts stíl með sterkum tilvísunum í ítalska endurreisnar-tímenn.

Bygging hússins fékk mikla athygli og smám saman fluttu þar inn ýmis fyrirtæki sem leigðu þar aðstöðu fyrir starfsemi sína.

En móttökur almennings og sérstaklega dálkahöfunda stórblaðanna voru í meira lagi blendnar. Farið var háðslegum orðum um þetta furðuhús, því spáð að í fyrsta vetrarverði fyi



■ Straujárnið góða er á gatnamótum Fifth Avenue, Broadway og 23. götu á Manhattan. Vert að skoða.



■ Straujárnið við Hafnarstræti 17-19 er ein áhugaverðasta byggingin í miðborginni.

## Straujárn á Íslandi

Íslenskir arkitektar sækja sér fyrirmyndir víða um heim eins og sjálfsagt er enda sama hvaðan gott kemur. Fyrir um tveimur árum reis nýtt hús við Hafnarstræti 17-19 í Reykjavík sem sterklega minnir á Flatiron í New York en þar er m.a. til húsa Reykjavík Konsúlát Hótel. Þá er bygging 64 íbúða fjölbýlishúss með verslunum og þjónustu í Borgartúni 24 í fullum gangi og eru verklok áætluð á næsta ári. Báðar þessar glæsilegu byggingar eru hannaðar af THG Arkitektum.



■ Á næsta ári verður flutt inn í 64 íbúðir í nýju straujárninu við Borgartún.

fljótlega bætt og eru nú salerni á hæðum með oddatölur fyrir karlana en konur þar sem hæðirnar eru á jafnri tölu!

Þessi fornfræga bygging hefur mjög látið á sjá á síðustu árum og því ekki fullur sómi sýndur. Nú standa yfir miklar viðgerðir á ytra byrði hússins og nýir eigendur hafa uppi ýmis áform um nýtingu þess en ákveðið er að það verði að mestu nýtt undir skrifstofur eins og áður. Öll endurgerð Flatiron er undir ströngu eftirliti því húsið er fyrir löngu friðað. Árið 1989 var Flatiron tilnefnd sem ein af merkustu byggingum New York borgar. Verðmiðinn á Flatiron í dag er um 200 milljónir dollara.


### Hógvær höfðingi

Flatiron byggingin hreykir sér ekki en hún er augnayndi, aðeins 86,9 m há og því smágerð í samanburði við hæstu byggingu New York í dag sem er 541 m á hæð. Og í samanburði við hæstu byggingu heims sem nú er að rísa, Jeddah turninn í Sádi Arabíu sem á að verða 1008 m há, er Flatiron sannarlega hógvær höfðingi.

### Salernin á sitthvorri hæð

Flatiron byggingin er auðvitað barn síns tíma hvað hönnun varðar. Sem dæmi má nefna að í öndverðu var ekki gert ráð fyrir salernum fyrir konur í þessu ágæta húsi enda gerðu hönnuðir hennar ekki ráð fyrir því í lok 19. aldar að aðrir en karlmenn þyrftu þar að ganga örna sinna. Úr þessu var þó

# Hátíðarkveðja



Við sendum landsmönnum öllum,  
til sjávar og sveita, hátíðarkveðjur með þökk  
fyrir samstarfið á árinu sem er að líða.



Hvernig leggst árið 2023 í þig?

# Þurfum samfélagssátt um eflingu rekstrarumhverfis fjölmiðla

Gríðarstórir og alvarlegir heimsögulegir atburðir hafa orðið til þess að umræða um mikilvægi frjálsra fjölmiðla og vandaðrar blaðamennsku hefur sjaldan verið meiri og útbreiddari en nú. Innrás Rússa í Úkraínu og heimsfaraldur kórónuveiru hafa varpað ljósi á nokkur af meginhlutverkum blaðamennsku, sem eru að upplýsa og veita aðhald, og um leið að standa vörð um grundvallaréttindi fólks, aðgengi að upplýsingum. Þessir atburðir hafa sýnt okkur hvernig hægt er að misnota fjölmiðla í áróðurskyni – og jafnvel beita þeim sem vopni í hryllilegu stríði.

Ólíkt því sem margir halda, hafa styrkir til einkarekinna fjölmiðla tíðkast í nánast öllum löndum, með einum eða öðrum hætti, allt frá upphafsöldum þeirra. Styrkir hafa verið allt frá afslætti af póstburðargjöldum dagblaða yfir í skattaafslætti og beina styrki. Fyrir fáeinum áratugum fór pólitísk umræða að þróast með þeim hætti að það sjónarmið heyrir æ oftast að stjórnvöld eigi ekki að hafa afskipti af rekstri fjölmiðlafyrirtækja. Undanfarin ár hefur þó orðið grundvallarbreyting á þessum viðhorfum enda hefur sístækkandi markaðshlutdeild tæknirisa á borð við Google og Facebook á auglýsingamarkaði orðið til þess að rekstrargrundvelli hefur nánast verið kippt undan meginþorra fjölmiðlafyrirtækja í heiminum. Mörgum hefur tekist að endurskilgreina rekstrarmodel sitt og tekist að ná í tekjur með öðrum hætti en í gegnum auglýsingasölu, svo sem með áskriftum.

Fjöldi berst enn í bökkum og enn fleiri hafa neyðst til að leggja niður starfsemi sína.

Þessa þróun þekkjum við hér og hafa stjórnvöld brugðist við með því að veita einkareknum miðlum beina rekstrarstyrki sem hafa eftir þá og styrkt, sérílagi þá minnstu. Menningamálaráðherra hefur lagt fram frumvarp sem kveður á um framlengingu núgildandi reglna um fjölmiðlastyrki um tvö ár. Blaðamannafélagið og fjölmiðlar hafa kallað eftir hækkun á framlagi og að kerfið verði fest í sessi varanlega, en það hefur ekki enn tekist að ná því í gegn.

Eitt af því sem styrkjunum er ætlað að gera er að styrkja og efla einkarekna miðla í nafni lýðræðis enda er óumdeilt að frjálsir, öflugir fjölmiðlar eru forsenda lýðræðislegrar umræðu, ekki síst

í ljósi aukinnar upplýsingaóreiðu og útbreiðslu falsfrétta. Tregða sumra stjórnmalamanna við að festa styrkjakerfið í sessi markast ekki síst af ranghugmyndum þeirra um að um rekstur fjölmiðla eigi að gilda sömu lög reglur og annarra fyrirtækja. Í þeim viðhorfum kristallast einmitt miskilningur þeirra á hlutverki fjölmiðla og skortur á skilningi á mikilvægi fjölmiðla fyrir lýðræðislega umræðu. Önnur lönd líta á styrki sem markaðsleiðréttingu því smæð tungumálsins skekkir verulega samkeppnisstöðu þarrendra fjölmiðla gagnvart miðlum sem starfa á markaði sem telur tugmilljónir, jafnvel milljarða notenda, svo sem enskumælandi miðla. Því sé það beinlínis skylda stjórnvalda að styrkja rekstur fjölmiðla til að stuðla megi að

nauðsynlegri, lýðræðislegri umræðu.

Ég trúir því að meginþorri landsmanna hafi skilning á mikilvægi fjölmiðla í lýðræðissamfélagi og vilji að rekstur þeirra verði tryggður. Til þess að svo megi verða, þurfa almenningur, fyrirtæki og stjórnvöld að sýna það í verki. Almennur getur styrkt fjölmiðla með áskriftum og frjálsum framlögum, fyrirtæki geta gert slíkt hið sama en einnig valið að auglýsa í innlendum miðlum fremur en hjá erlendum tæknirisum eingöngu og stjórnvöld geta aukið ívilnanir til fjölmiðlafyrirtækja með ýmsum leiðum, svo sem í gegnum skattkerfið eða með nýsköpunarstyrkjum, svo eitthvað sé nefnt. Ég vona því að næsta ár verði árið þar sem við, sem samfélag, ræðum til



■ Sigríður Dögg Auðunsdóttir, formaður Blaðamannafélags Íslands.

hvaða aðgerða þurfi að grípa til þess að efla rekstrarumhverfi fjölmiðla. Um það þurfum við samfélagssátt – því án fjölmiðla er ekkert lýðræði. Um það er ekki deilt.

Sigríður Dögg Auðunsdóttir, formaður Blaðamannafélags Íslands.

## Chicago á Akureyri

„Við erum upp fyrir haus þessa dagna að æfa þennan heimsfræga söngleik og allt gengur samkvæmt áætlun enda valinn maður í hverju hlutverki. Að sýningunni okkar kemur fjöldi frábærra leikara, dansara og tónlistarmanna sem lofar stórrí og tilkomumikilli sýningu í gamla góða Samkomuhúsinu,“ segir Marta Nordal, leikstjóri stórsýningarinnar Chicago hjá Leikfélagi Akureyrar. Frumsýning verður 27. janúar nk. og er miðasala þegar hafin.

### Meinfyndin ádeila

Söngleikurinn Chicago eftir John Kander, Fred Ebb og Bob Fosse verður frumsýndur í Samkomuhúsinu á Akureyri 27. janúar nk. og standa æfingar nú yfir. Uppsetningin er samvinnuverkefni Leikfélags Akureyrar og Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands.

„Chicago er meinfyndin og skemmtileg ádeila á spillingu og yfirborðsmennsku fjölmiðla og réttarkerfisins. Sýningin iðar af fjöri, hispursleysi og húmor ásamt ógleymanlegri tónlist og



■ Marta Nordal leikstjóri: „Ég get lofað frábærri skemmtun hér í Samkomuhúsinu því salurinn er yndislegur og á sýningunni mun skapast skemmtileg nánd á milli leikara og gesta.“

dansatriðum sem kitla öll skynfæri. Ég get lofað frábærri skemmtun hér í Samkomuhúsinu. Salurinn er yndislegur og ég veit á sýningunni mun skapast skemmtileg nánd á milli leikara og gesta,“ segir Marta.

### Fjöldi dansara og leikara

Tónlistin skipar stóran sess í Chicago og mun 10 manna band valinkunnra tónlistarmanna annast þann flutning. Fjöldi þekktu leikara og söngvara tekur líka þátt en söngkonan Jóhanna Guðrún leikur

Velmu og með hlutverk Roxy fer Reykjavíkurdóttirin Þórdís Björk Þorfinnsdóttir. Þá er hlutverk Mama Morton í höndum Margrétar Eir, Björgvín Franz Gíslason er Billy Flynn, Arnþór Þórsteinsson er Amos og Bjartmar Þórðarson leikur blaðamanninn Mörtnu Smörtu. Tónlistarstjóri er Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson, búningahönnuður Björg Marta Gunnarsdóttir og leikmyndahönnuður er Eva Signý Berger.

mak.is



■ Einafalið listamanna kemur að uppsetningu söngleiksins Chicago á Akureyri. Verkið verður frumsýnt 27. janúar nk.

Ljós. MAK.

# Hleðslutæki

## Jólatilboð!

Óskum landsmönnum gleðilegra jóla og farsældar á árinu 2023




20%  
Afsláttur

Öll hleðslutæki með afslætti fram að jólum





Skorri ehf • Bildshöfði 12 • 110 Rvk • Vefverslun: [www.skorri.is](http://www.skorri.is)

# *STÖÐUG VÖRU- ÞRÓUN*

*er kjarninn  
sem við  
byggjum á.*

**HAMPIÐJAN**

[www.hampidjan.is](http://www.hampidjan.is)

Veiðarfæri eru okkar fag



■ Teymið hjá Geko Consulting: Agla, Ania, Kathryn, Hulda og Anna.

## Geko Consulting

# Sérhæfir sig í tækni- og nýsköpunargeiranum

Geko Consulting er ráðningar- og ráðgjafarfirmi í mannauðsmálum sem sérhæfir sig í samstarfi við fyrirtæki innan tækni- og nýsköpunargeirans á Íslandi. „Geko var stofnað í febrúar árið 2020 af Kathryn Gunnarsson,“ segir Hulda Þorsteinsdóttir,

meðeigandi hennar og verkefnastjóri hjá Geko. „Kathryn, sem er frá Bretlandi, hefur mikla alþjóðlega reynslu í mannauðsmálum og þegar hún fluttist til Íslands árið 2016 starfaði hún fyrst um sinn við tækniráðningar en hafði alltaf áhuga á að víkka starfssvið

sitt til þess að ná einnig yfir stefnumörkun og ráðgjöf í mannauðsmálum.

Geko var stofnað með þá hugmynd að leiðarljósi að aðstoða fyrirtæki við ráðningar en einnig að veita ráðgjöf um það hvernig hægt er að stuðla að góðu

starfsumhverfi og bæta ferla til að auka ánægju starfsfólks. Ávinningur þess er meðal annars að fólk líður betur og helst frekar í starfi sínu. Við vinnum aðallega innan tækni- og nýsköpunargeirans á Íslandi og sumir gætu sagt að það sé frekar takmarkaður

markaður en í raun og veru mætti skilgreina flest fyrirtæki á landinu sem einhvers konar tæknifyrirtæki því flest öll nýta sér tækni að einhverju leyti í sínum rekstri.“

## Fasteignamarkaðurinn nálgast eðlilegra horf

„Áhrif vaxtahækkana hafa komið mjög skýrt í ljós á síðustu mánuðum og það hefur hægt á fasteignamarkaðnum. Veruleikinn er því allt annar en hann var á fyrri hluta ársins enda geta flestir verið sammála því markaðurinn var á yfirsýningi,“ segir Halldór Kr. Sigurðsson fasteignasali og einn eigandi Öldu fasteignasölu í Reykjavík, aðspurður um stöðu fasteignamarkaðarins nú í árslok.

### Hærrí vextir bita

Halldór segir að hærrí vextir og lakari lánakjör komi illa við allan markaðinn, hvort heldur litið er til höfuðborgar eða landsbyggðar, bæði hvað varðar stöðu kaupenda og verktaka.

„Þetta birtist okkur til dæmis í því að við sjáum fleiri og fleiri kaupendur sem þurfa frá að hverfa vegna þess að þeir standast ekki greiðslumat. Slíkt hefur víðtæk áhrif því gjarnan er það svo að það verða til ákveðnar keðjur í fasteignaviðskiptum á þann hátt að sala ódýrari eigna er forsenda fyrir næsta hlekk í keðjunni og svo



■ Halldór Kr. Sigurðsson, fasteignasali.

koll af kalli. Þegar greiðslumat hjá einhverjum í keðjunni bregst þá stoppar keðjan,“ segir Halldór.

„Kólnun á fasteignamarkaði og hærrí vextir koma líka niður á verktökum sem eru í íbúðabyggingum því bæði hækka þeirra framkvæmdakostnaður og lengri tíma tekur að selja íbúðirnar. Meira framboð á íbúðum á markaði núna skýrist



■ „Þó staðan sé vissulega breytt á markaðnum þá erum við engu að síður bjartsýnir á komandi tíma,“ segir Halldór.

bæði af hægari sölu eldri eigna og nýjum íbúðum sem eru komnar inn á markaðinn. Sem dæmi um þessa þróun þá get ég nefnt að samkvæmt mest lesna fasteignavef landsins voru nú í byrjun desember um 1000 fjölbýlishúsaíbúðir skráðar á höfuðborgarsvæðinu en sambærileg tala á vormánuðum var um það bil 200 íbúðir. Staðan er því gjörbreytt,“ segir Halldór.

### Nýr kaupendahópur áberandi

Vaxtalækkanir eru ekki fyrirsjáanlegar að marki næstu mánuði en Halldór finnur þó fyrir nýjum kaupendahópi á markaðnum.

„Við fundum mikið fyrir því þegar mest var að það var stór hópur fólks sem vildi ekki koma inn á markaðinn í þeirri ringuleið sem var. Fólk gat ekki skoðað almennilega og mikill slagur um hverja eign sem orsakaði yf-

irverð á fasteignum. Nú er þessi hópur fólks meira og meira að láta sjá sig á opnum húsum þar sem að markaðurinn er orðinn nær því sem eðlilegt getur talist. Fólk hefur góðan tíma til umhugsunar, möguleika á því að skoða oft og allt ferlið er orðið þægilegra. Að mestu er þetta fólk sem á fasteign og er annaðhvort að stækka eða minnka við sig.“

### Fasteignaverð að staðna

„Fasteignaverð var búið að hækka verulega en við erum ekki að finna fyrir miklum verðlækkunum, frekar að verðin séu að jafna sig og hækkanir að staðna. Það er mun minna um yfirboð þó þau sjáist áfram á ákveðnum vinsælum eignum. Þó staðan sé vissulega breytt á markaðnum þá erum við engu að síður bjartsýnir á komandi tíma. Við munum fá inn nýjar íbúðir í sölu en það er ljóst að bæði hvað varðar nýjar og eldri íbúðir þá mun söluférlíð taka lengri tíma,“ segir Halldór Kr. Sigurðsson.

aldafasteignasala.is

**Jafnrétti, fjölbreytileiki og þátttaka**

Hulda segir að starfsfólk Geko Consulting hafi unnið með yfir 70 fyrirtækjum og að fyrirtækið hafi stækkað jafnt og þétt. Í dag samanstendur Geko af fimm manna teymi. „Brátt fyrir að teymið samanstandi eingöngu af konum þá er fjölbreytileiki í bakgrunni; þjóðerni, kynhneigð og aldri innan þess. Kjarninn í gildum Geko er jafnrétti, fjölbreytileiki og þátttaka allra. Við leggjum mjög mikla áherslu á þetta í öllu okkar starfi og það er nánast undantekningarlaust viðhorf okkar viðskiptavina að þeir vilja gera vel í þessum málum, fræðast og bæta sig.

„Það hefur til dæmis verið mikil umræða um það hversu fáar konur starfa í upplýsingatækni og fyrirtæki eru oft markvisst að leita að kvenkyns forriturum til þess að bæta kynjahlutföll í starfsmannahópnum. Það er sem betur fer mikil vitundarvakning



um þetta vandamál og má til dæmis benda á frumkvæði Vertonet sem eru samtök kvenna í upplýsingatækni en þau hafa hrundið af stað átaksverkefni til þess að auka nýliðun kvenna í upplýsingatækni,” segir Hulda.

„Við hjá Geko viljum samt ganga lengra en að jafna kynjahlutföll og bendum fyrirtækjum á að fjölbreytileiki er alls konar og snýst um margt annað en bara kyn. Að setja saman fjölbreytt teymi þýðir að þú ert að leita að eiginleikum sem vantar inn í teymið og geta bætt einhverju við það. Það getur falið í sér mismunandi aldur, þjóðerni, menntun eða lífsreynslu. Þetta er gríðarlega mikilvægt sérstaklega í því skapandi og alþjóðlega umhverfi

sem flest tækni- og nýsköpunarfyrirtæki lifa og hrærast í.”

**Vinnustofur fyrir fyrirtæki**

Geko annast aðallega ráðningarþjónustu en vinnur oft með fyrirtækjum sem eru að koma undir sig fótunum eða eru í vaxtarferli og eru ekki enn með sérstakar mannauðsdeildir. Teymið styður fyrirtækin í að setja upp ferla og kerfi til þess að halda utan um þau mál.

„Við hjá Geko erum líka með vinnustofur fyrir fyrirtæki til þess að styðja ráðningarstjóra í að skapa heildræna upplifun varðandi ráðningarferlið og koma í veg fyrir hlutdrægni. Svo höfum við verið að vinna töluvert að því að uppfræða um mikilvægi jafnréttis, fjölbreytileika og inngildinguna eða þátttöku allra í fyrirtækjum.” Hvað varðar störf í nýsköpun segir Hulda að um sé að ræða

nokkuð sérhæfð hlutverk sem tækni- og nýsköpunargeirinn leggur áherslu á og mikil eftirspurn sé eftir reyndum forriturum og vöru- og verkefnastjórum með reynslu innan tæknigeirans. „Brátt fyrir að störfín séu orðin mjög sérhæfð er okkar áhersla samt alltaf á að fyrirtækin einbeiti sér að þessari mikilvægustu auðlind fyrirtækisins sem er fólk- ið. Það er okkar stefna.”

**Virk þátttaka allra**

Varðandi alþjóðlegan bakgrunn starfsfólks bendir Hulda á að vísbendingar séu um að tækni-menntað fólk með erlendan bakgrunn sem búi á Íslandi fái ekki alltaf störf við hæfi. „Kathryn hefur sérstaklega verið að greina þetta vannýtta vinnuafli sem er með ákveðna menntun en fær ekki starf við hæfi. Það er ríkt í okkur á Íslandi að horfa til

tengslanetsins þegar verið er að ráða í störf. Það leita margir til okkar sem eru með erlendan bakgrunn og við tölum mikið fyrir því að fjölbreytt teymi og fjölbreyttur starfsmannahópur sé lyklatríði í skapandi fyrirtæki.”

Hvað með framtíðarmarkmið Geko Consulting? „Við viljum halda áfram að vinna með áhugaverðum fyrirtækjum og hæfileikaríku fólki sem treystir okkur til að aðstoða við að taka næsta skref á ferlinum sínum. Við viljum halda áfram að leggja áherslu á okkar grunngildi og aðstoða fyrirtæki við að skapa menningu þar sem áhersla er lögð á virka þátttöku allra. Það teljum við vera lykilið að því að skapa eftirsóknaverða vinnustaði og traust samband milli vinnuveitanda og starfsmanns.”

geko.is



■ Vegagerðin vill hafa svigrúm til að breyta áætlun Hríseyjarferju í samráði við íbúa ef útlit er fyrir mjög slæma nýtingu á ferðum ferjunnar.

Ljósmynd: Vegagerðin.

## Óbreytt ferðatíðni til Hríseyjar

Ferðum Hríseyjarferjunnar Sævars, sem siglir milli Hríseyjar og Árskógssands, verður ekki fækkað í nýju útboði Vegagerðarinnar eins og sums staðar hefur verið haldið fram. Hins vegar er í útboðinu skapað svigrúm til að breyta ferðatíðni í samræmi við eftirspurn. Þetta kemur fram í Framkvæmdafréttum Vegagerðarinnar.

Vegagerðin hefur óskað eftir tilboðum í rekstur Hríseyjarferju fyrir tímabilið 2023-2025. Í tilboðsgögnum kemur fram að óskað er eftir tilboðum í 2.840 ferðir með möguleika á 20% til viðbótar þannig að ferðatíðnin verður óbreytt frá því sem verið hefur. Möguleiki verður þá líka á því að fjölga ferðum upp í ríflega 3.400 en engar breytingar verða gerðar á ferðaáætlun nema í samráði við heimafólk. Haft er eftir Halldóri Jörgensson, forstöðumanni almenningssamgangna hjá Vegagerðinni, að ekki séu fyrirhugaðar breytingar á ferðum ferjunnar út í Hrísey en hins vegar vilji Vegagerðin hafa svigrúm til að breyta áætlun í samráði við íbúa ef útlit er fyrir mjög slæma nýtingu á ferðum ferjunnar.

## Grundarfjarðarhöfn

## Meginþjónustuhöfn Vesturlands



**Óskum starfsfólki í íslensku atvinnulífi gleðilegra jóla og velfarnaðar á árinu 2023**



GRUNDFJARDARHÖFN



■ Björbóð, kvöldverður og gisting á Ársskógssandi er uppskrift að ljúfri slökun.



■ Hótel Kaldi er nýjasta viðbótin rekstri eigenda Bruggsmiðjunnar og Bjórbaðanna á Ársskógssandi.

# Nýtt hótel og jólabjór

Allt frá því Bruggsmiðjan Kaldi hóf bjórframleiðslu á Ársskógssandi árið 2006 hefur fyrir tækið vaxið og dafnað. Auk þeirra tegunda Kalda sem famleiddar eru árið um kring hefur Bruggsmiðjan skapað hefð hjá viðskiptavinum sínum fyrir árstíðabundnum bjórum. Að vanda er Jóla-Kaldi á markaði fyrir þessi jól, sem og Súkkulaði-porter en þessar tegundir hafa um árabil verið meðal eftirsóttustu innlendu handverksbjóranna.



## Jóla-Kaldi vinsæll

„Framleiðslan á jólabjór hjá okkur er svipuð og í fyrra en hærra hlutfall framleiðslunnar fer á kúta til veitingahúsa og í dósir. Dósabjór er í mikilli sókn í framleiðslu Bruggsmiðjunnar og það er þróun sem er alls staðar að eiga sér stað. Neytendur hugsa æ meira um umhverfismál og möguleikana á endurvinnslu umbúða og það er helsta skýringin á þessari þróun,“ segir Agnes Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Bruggsmiðjunnar Kalda.

## Hótel Kaldi hefur rekstur

Segja má að Bruggsmiðjan hafi rutt brautina í þróun handverksbrugghúsa á Íslandi og sem kunnugt er urðu þau tímamót á þessu ári að brugghúsunum var heimilað að selja bjór beint til viðskiptavina. Eigendur Bruggsmiðjunnar fögnuðu einnig fimm ára afmæli Bjórbaðanna á Ársskógssandi á árinu og þann 1. september síðastliðinn opnuðu þau Hótel Kalda á Ársskógssandi. Agnes segir tilkomu Hótel Kalda styrkja enn frekar þjónustu fyrirtækisins við þá fjölmörgu sem sækja staðinn heim.

## Gisting, bjórbað og kvöldverður

„Í fyrsta áfanga Hótel Kalda erum við með fimm rúmgóð og vel búin tveggja manna herbergi. Tilkoma hótelsins skapar okkur ný sóknartækifæri því við höfum ekki áður getað boðið gistingu hér á staðnum sem margir hafa leitað eftir,“ segir Agnes en í boði er pakkatilboð á gistingu með morgunverði, spa í Björbóðunum og kvöldverði. Agnes segir verkefnið framundan að markaðssetja hótelið bæði fyrir innlendum og erlendum ferðamönnum.

„Strax á fyrstu mánuðunum er Hótel Kaldi byrjað að spyrjast út til erlendra ferðamanna og bókanir fyrir næsta ár eru komnar á fulla ferð. Þetta fer því vel af stað og við hlökkum til að bjóða gestum enn fleiri unaðsstundir hjá okkur,“ segir Agnes.



■ Vel búið tveggja manna herbergi og útsýni til Hríseyjar.



■ Í hótelinu eru nú fimm tveggja manna herbergi komin í notkun.



■ Jóla-Kaldi þykir mörgum ómissandi fyrir jólin.





VIÐ GERUM  
ÚT Á GÓÐA  
ÞJÓNUSTU



Héraðsprent

# FJARÐABYGGÐARHAFNIR

Mjóafjarðarhöfn  
Norðfjarðarhöfn  
Eskifjarðarhöfn  
Mjóeyrarhöfn  
Reyðarfjarðarhöfn  
Fáskrúðsfjarðarhöfn  
Stöðvarfjarðarhöfn  
Breiðdalsvíkurhöfn



*Óskum landsmönnum  
gledilegra jóla  
og farsældar á árinu 2023*



FJARÐABYGGÐ

[www.fjardabyggd.is](http://www.fjardabyggd.is)

# Aftur gaman að fara í búðir

Markaðsstjóri Smáralindar segir jólaverslunina ná yfir lengra tímabil en áður

„Jólaverslunin í ár fór mjög vel af stað,” segir Sandra Arnardóttir, markaðsstjóri Smáralindar, í samtali við Sóknarfæri. Í aðdraganda undanfarinna tveggja jóla hafa samkomutakmarkanir einkennt samfélagið. Öllum takmörkunum vegna heimsfaraldursins var aflétt snemma á árinu og því er hægt að segja að lífið hafi færst aftur til fyrra horfs.

Sandra segir að þróunin hafi verið með þeim hætti að jólaverslunin dreifist á lengra tímabil en áður. „Það er sú þróun sem við sjáum, alveg óháð kórónuveirufaraldrinum. Nóvember var mjög flottur mánuður hjá okkur. Við sáum bæði aukningu á veltu og aukinn gestafjölda í Smáralind.“

Þetta rímar við upplýsingar á vef Rannsóknaseturs verslunarinnar. Þar kemur fram að heildar kortavelta hérlendis í nóvember hafi numið 108,7 milljörðum króna. Það er aukning um 20,7% á milli ára miðað við breytilegt verðlag.

Á vefnum kemur einnig fram að nóvember sé mánuður netverslunar. Frá árinu 2017, eins langt og gögnin ná, hafi nóvember verið stærsti mánuður ársins í innlendri netverslun. „Með til-

komu hinna þekktu afsláttardaga nóvembermánaðar hefur kortavelta á netinu í nóvember aukist til muna,” segir á vefnum.

Netverslun á milli október- og nóvembermánaðar jókst um 97% þetta árið. Íslendingar keyptu nærri tvöfalt meira á netinu af íslenskum verslunum í nóvember en október. Munaði þar mestu um viðskipti við minjagripa-, heimilistækja- og fataverslanir.

Sandra segir að þrátt fyrir að hlutdeild netverslunar hafi vaxið undanfarin ár hafi ásóknin í verslanir Smáralindar aukist. „Langflestar verslanir okkar eru líka með netverslanir. Það er mikið um að fólk kaupi vörur á netinu og mæti svo í búðirnar til að sækja,” útskýrir Sandra. „Þetta helst í hendur og vinnur hvort með öðru.“

Aðspurð segir hún að íslensk verslun líði ekki mikið fyrir erlenda netverslun. „Það virðist enn vera sterkt í fólk að koma og skoða vöruna; finna efnin og réttu stærðina.“

## Íslendingar velja sólina

Fréttir hafa verið sagðar af því undanfarið að Íslendingar séu sólgirnir í sólarlandaferðir. Ásgeir



■ Sandra Arnardóttir, markaðsstjóri Smáralindar, segir íslenskar verslanir orðnar samkeppnisfærar við útlönd þegar kemur að verðlagningu.

Jónsson seðlabankastjóri komst þannig að orði, þegar hann á fundi peningastefnufundar í

haust ræddi um kröftuga einkaneyslu landsmanna á fyrri hluta ársins, að „allir væru að taka

myndir af tánum á sér á Tene“. Minna hefur farið fyrir umræðu um verslunarferðir.



# TEMPRA

einangrun – umbúðir

*Óskum landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári*

*Þökkum samskiptin á árinu sem er að líða*



TEMPRA EHF • Íshella 8 • 221 Hafnarfjörður • Sími: 520 5400 • [tempra@tempra.is](mailto:tempra@tempra.is) • [www.tempra.is](http://www.tempra.is)     A brand of 

Sandra segir í þessu samhengi að svo virðist sem ásóknin sé orðin meiri í sól en verslun, þegar utanlandsferðir landsmanna eru annars vegar. Hún bendir á að undanfarin ár hafi stórar alþjóðlegar verslanakeðjur opnað hér á landi og nefnir H&M sem dæmi. Það dragi úr hvata til að fljúga til útlanda til að versla. „Búðirnar hérna heima eru heilt yfir mjög samkeppnishæfar þegar kemur að verði. Íslenskir verslunarmenn eru á tánum og erlend netverslun veitir þeim heilbriggt aðhald. Í flestum tilfellum er verðmunurinn ekki svo mikill á milli Íslands og annarra landa að það borgi sig að



■ Andrea Róbertsdóttir, framkvæmdastjóri Félags kvenna í atvinnulífinu, FKA. Ljósmynd: Silla Páls (2022).

Hvernig leggst árið 2023 í þig?

## Vonandi notum við tækifærin vel

Margt þarf að koma til ef við ætlum að ná metnaðarfullum markmiðum í umhverfismálum og ég vona að við notum tækifærin vel. Margt bendir til þess að einstaklingar séu sveigjanlegri en áður var talið sem kveikir von og fátt er betra en innblásturinn, þessi þægilega tilfinning sem við verðum vör við þegar fólk er á góðri leið að vera breytingin sem við þurfum.

Það er ekki eins og við höfum eitthvað val um að vera umhverfissóðar áfram og auðvitað vona ég innilega að okkur takist með einhverri hárfinni blöndu af sköpun og vísindum að vera landið sem allur heimurinn horfir til, að við séum landið með svarta beltinu í að endurhugsa hlutina, þróa ný viðskiptatækifæri og áhuga verða valkosti í takt við nýja tíma, í sátt við náttúru og menn.

Verðum við ekki að vera vongóð um að slá í gegn ef við nýtum forskotið sem við höfum hér, alla þá forgjöf sem Ísland er með í fjölmörgum málaflökkum? Það er ekki eins og við þurfum að vera ljónheppin til að ná þessum metnaðarfullu markmiðum í umhverfismálum – þurfum bara að spila rétt úr þessu sem okkur er gefið og taka hlutunum ekki sem gefnum. Hóldum í það sem gagnast úr fortíð og gefum nýju, í víðasta skilningi þess orðs, tækifæri.

Andrea Róbertsdóttir, framkvæmdastjóri Félags kvenna í atvinnulífinu, FKA.



■ Jólaverslunin fór vel af stað í ár. Aðstæður eru gjörólíkar því sem var fyrir síðustu tvenn jól þegar takmarkanir vegna kórónuveirufaraldursins voru allsráðandi.

gera sér ferð út,” segir hún og bætir við að gjaldið fyrir auka ferðatöskur í millilandaflugi hafi hækkað. Fyrir vikið standi íslensk verslun styrkum fótum.


### Gaman að versla án samkomutakmarkana

Upplifunin að fara í búð fyrir þessi jól er mjög frábrugðin síðustu tveimur árum, að sögn Söndru. „Maður tekur eftir því að fólk leyfir sér að njóta þess núna fyrir jólin. Það er aftur orðið gaman að fara í búðir og jólastemningin er áberandi. Afléttingin hefur líka gefið okkur færi á nýjan leik á að bjóða upp á viðburði, til dæmis lífandi tónlist, til að gera verslunarferðina ánægjulegri.“

smaralind.is

# Gleðilega hátíð

VM Félag vélstjóra og málmæknimanna  
óskar landsmönnum gleðilegra jóla  
og farsældar á nýju ári



VM Félag vélstjóra og málmæknimanna

www.vm.is

# Stækkun hafnarinnar komin á teikniborðið

„Þær framkvæmdir sem nú standa yfir í höfninni hjá okkur munu standa næstu tvö árin og þær eru nauðsynlegar til að mæta síaukinni umferð um höfnina, sér í lagi auknum vöruflutningum. Það er hins vegar alveg ljóst að strax og þessum áföngum lýkur þá þurfum við að ráðast í ennþá viðameiri framkvæmdir með stækkun hafnarinnar því hafnarþjónusta okkar þarf að geta mætt þeim vexti sem við sjáum í vöruflutningum, sér í lagi tengt landeldi á laxi hér á svæðinu og sívaxandi útlutningi á jarðefnum,“ segir Benjamín Ómar Þorvaldsson, settur hafnarstjóri sveitarfélagsins Ölfuss, um framkvæmdir í höfninni í Þorlákshöfn sem nú standa yfir.

## Stærri skipum auðveldað að athafna sig

Framkvæmdaverkefnið sem hófst í höfninni fyrr á árinu er fjölþætt. Nú er unnið að því að reka niður stálþil en einnig verður gömul bryggja rifin, hún endurbyggð og snúið um leið. Þá er byrjað að lengja Suðurgarð um 250 metra og annar hafnargarður verður færður til að skapa meira rými innan hafnar. Loks verður öll höfnin dýpkuð í 9-9,5 metra. Dýpkunin verður lokaáfangi þessarar framkvæmdahrinu, að sögn Benjamíns.


„Bæði dýpkunin og aðrir framkvæmdaþættir miða að því að skapa meira rými innan hafnar fyrir stóru skipin að snúa og athafna sig. Hagkvæmni í flutningum yfir hafið byggist á því að sigla á stórum skipum og við þurfum að geta mætt þeirri þróun,“ segir Benjamín en milli Þorlákshafnar og Rotterdam sigla ferjurnar Astral, Akranes og Mykines vikulega. Flutningar þeirra



■ Benjamín Ómar Þorvaldsson, hafnarstjóri í Þorlákshöfn.



■ Flutningaskipin Astral, Mykenes og Akranes sigla vikulega milli Þorlákshafnar og Rotterdam. Vöruflutningar um höfnina vinda sífellt upp á sig og munu fyrirsjáanlega gera áfram.



■ Nú er verið að reka niður stálþil í höfninni, sem er einn margra þátta í heildarframkvæmdum sem munu standa næstu tvö árin.



Kæru viðskiptavinir

## Gleðilega hátíð

Við óskum ykkur gleðilegrar hátíðar og þökkum kærlega fyrir samstarfið á liðandi ári.

Hlökkum til áframhaldandi farsæls samstarfs á komandi ári.

Sími 444 3000 / sala@skeljungur.is

Skeljungur ehf. | Sími 444-3000 | Skútuvogur 1 | 104 Reykjavík | skeljungur@skeljungur.is



fara vaxandi með ári hverju og sama þróun er í flutningum annarra vöruflutningaskipa sem um höfnina fara.

## Kolefnissporið skiptir máli

Benjamín segir áhugann á höfninni stöðugt fara vaxandi enda stytta það siglingaleiðina talsvert að koma inn í Þorlákshöfn í stað þess að sigla á höfuðborgarsvæðið. „Kolefnissporið fær sífellt meira vægi þegar er verið að skoða siglingar, ekki bara gagnvart vöruflutningaskipum heldur einnig gagnvart fiskiskipum. Þegar fiskiskip eru á miðunum úti fyrir suðurströndinni þá kjósa þau í vaxandi mæli að koma hingað inn til löndunar og flytja fiskinn landleiðina þangað sem vinnslurnar eru á landinu. En hvað vöruflutningana varðar þá eru stöðugt að koma til okkar hugmyndir um nýjar áætlunarsiglingar en ótímabært að fjalla um þær fyrr en þá eitthvað yrði fast í hendi,“ segir Benjamín.

## Höfnin í lykilhlutverki í landeldisuppbyggingunni

Gríðarlega umfangsmikið landeldi á laxi í nágrenni Þorlákshafnar er að byggjast upp og framleiðsla eldisafurða til útflutnings á svæðinu mun stórukast á komandi árum, gangi öll þau áform eftir sem ýmist er búið að hrinda í framkvæmd eða eru á undirbúnings-

stigi. Í þeirri uppbyggingu gegnir höfnin lykilhlutverki.

„Við erum í þeirri stöðu að sjá fram á verulegan vöxt í starfsemi hafnarinnar sem útflutningshafnar á komandi árum. Af þeirri ástæðu getum við ekki látið staðar numið í uppbyggingu hennar og sjáum þörf fyrir verulega stækkun í beinu framhaldi af þeim framkvæmdum sem nú er unnið að. Sú stækkun er þegar komin á teikniborðið. Núverandi framkvæmdir eru á áætlun til 2025 og þá þarf stækkun hafnarinnar til norðurs að taka við. Útflutningur á eldisafurðum verður vaxandi þáttur á komandi árum, það liggur alveg fyrir. En við sjáum einnig verulegan vöxt í útflutningi á jarðefnum til Evróplanda og á hverju ári eykst almenn frakt sem um höfnina fer,“ segir Benjamín og jatar því að mikið sé sótt í lóðir í nágrenni hafnarinnar af fyrirtækjum sem sjá sér hag í að setja upp starfsemi sem nýtir útflutningsmöguleikana sem millilandasiglingarnar frá Þorlákshöfn hafa opnað.

„Við höfum landrymi hér við höfnina til að mæta þessari eftirspurn og hún er vaxandi,“ segir Benjamín.

olfus.is



# IÐNAÐAR- SÝNINGIN 2023 Í LAUGARDALSHÖLLINNI

1.-3. september

Helstu svið sýningarinnar verða:  
mannvirki, orka, innviðir, hönnun,  
hugverk og vistvænar lausnir.

**Nánari upplýsingar veita:**

Ólafur, framkvæmdastjóri, [olafur@ritsyn.is](mailto:olafur@ritsyn.is), 698 8150

Inga, markaðsstjóri, [inga@ritform.is](mailto:inga@ritform.is), 898 8022



**IÐNAÐAR  
SÝNINGIN  
2023**

## Hvernig leggst árið 2023 í þig?

# Spennandi tímar framundan í Eyjum!

Árið 2023 leggst vel í mig þrátt fyrir þá óvissu sem felst í stöðunni á vinnumarkaði og í heims-málunum. Það er bjart framundan í rekstri Vestmannaeyjabæjar og raunar í öllu samfélaginu okk-

ar, mörg spennandi verkefni í undirbúningi eða komin af stað. Við sjáum bjartsýni raungerast hér í Eyjum í formi fjárfestinga og uppbyggingar á vegum fyrirtækja og einstaklinga.



■ Vestmannaeyjar.



■ Íris Róbertsdóttir, bærjarstjóri Vestmannaeyja.



APÓTEK  
VESTURLANDS



*Óskum landsmönnum  
gleðilegra jóla  
og farsældar á árinu 2023*

Öll þjónusta við  
**skip og báta**  
- með lyf og sjúkravörur

Smiðjuvellir 32, Akranesi - Sími 431 5090 - [www.apvest.is](http://www.apvest.is)

Fyrir utan vöxt og viðgang í sjávarútvegi þá er útlit fyrir að ferðamönnum fjölgi á næsta ári og það er eftirspurn eftir fólki til starfa í greininni. Horfur eru sem sagt góðar í ferðamennsku. Rauði þráðurinn og meginþunginn hjá okkur í bæjarstjórn er að tryggja rekstur bæjarins og geta áfram veitt þá góðu þjónustu við íbúa sem bærinn hefur lagt áherslu á undanfarin ár. Mikill metnaður í fræðslu- og menntamálum hefur vakið mikla athygli á landsvísu og frábært að fylgjast með þeim spennandi hlutum sem eru í gangi. Þar er flaggskipið okkar rannsóknar- og þróunarverkefnið „Kveikjum neistann“. Verkefnið er með heildstæða nálgun á skólastarfið og er ætlað að efla skólastarf og bæta námsárangur og líðan barnanna. Verkefnið er stutt af Vestmannaeyjabæ, menntamálaráðuneyti, Háskóla Íslands og Samtökum atvinnulífsins. Hermundur Sigmundsson prófessor stýrir verkefninu. Vestmannaeyjabær hefur það að markmiði að skólar sveitarfélagsins verði í fremstu röð.

Ánægjulegt er að sjá aukinn áhuga á Vestmannaeyjum sem búsetukosti og uppbygging íbúðarhúsnæðis hefur sjaldan verið meiri. Það undirstrikar þá fullyrðingu sem svo oft hefur verið haldið fram að í Vestmannaeyjum er gott að búa, falleg náttúra og mikil samheldni. Með enn betri umgjörð og góðri þjónustu er stefnt að því að svo verði áfram. Hér eru tækifæri til að gera marga góða hluti. Mikil gróska er í nýsköpunar- og frumkvöðlastarfi og fyrirtæki og stofnanir að verða áhugasamari um þá þróun.

Ég er bjartsýn og hlakka til að takast á við þau krefjandi og spennandi verkefni sem framundan eru.


Íris Róbertsdóttir, bærjarstjóri Vestmannaeyja.



## Markus Lifenet maður fyrir borð björgunarbúnaður

### Markus Lifenet ehf. (Björgunarnetið Markús)

Er sérhæft í þróun og framleiðslu búnaðar til að bjarga fólki úr sjó. Meðal þekktara framleiðsluvara eru Markúsarnet og léttabátanet en einnig eru framleiddir þar neyðarstigar og kastlínur sem henta einkar vel um borð í smábátum.



**Neyðarstigi í dekkbáta** með allt að 1,8 m borðhæð sem haga má þannig að maður í sjó geti kippt stiganum niður og klifrað upp.




#### Markúsarnet

Fyrir allar tegundir skipa og báta

#### Léttabátanet / Veltinet

Er létt, auðvelt að festa og fljótlegt til björgunar, tekur lítið pláss og pakkast hratt og örugglega, leggst mjúklega utan um einstaklinginn og er einfalt í notkun.



**Stök kastlína í kastpoka** fyrir allar gerðir skipa og báta og til að hafa merðferðis á ferðalögum.

*Óskum landsmönnum gleðilegra jóla og farsældar á árinu 2023*



## HVAÐ BAR HÆST Á ÁRINU?

# Fundafrelsi, rafbílahleðsla og breytingar á sorphirðu

Það sem bar hæst rekstrarlega á líðandi ári hjá okkur er án efa að framkvæmd aðalfunda komst á ný í fastar skorður, eftir tvö erfið COVID-19 ár, en við hjá Eignaumsjón erum að vinna fyrir um 800 húsfélög og rekstrarfélög atvinnuhúsa, með hátt í 18.000 íbúðum/fasteignum. Blessunarlega tókst okkur að ljúka langflestum aðalfundum á fyrstu fjórum mánuðum ársins, eins og lög mæla fyrir um, enda hafa ákvarðanir aðalfunda mikla þýðingu fyrir daglegan rekstur fjölbýliháusa.

Það er líka ánægjulegt að húsfélögum sem eru í þjónustu hjá okkur hefur fjölgað jafnt og þétt á árinu, bæði í eldri fjöleignarhúsum og nýbyggingum. Nýju fjölbýlishúsin eru almennt stærri og tæknilega flóknari í rekstri og hafa því kallað á aðeins aðra nálgun í þjónustu okkar. Þau eru búin allskyns tæknibúnaði og sérhæfðum þáttum, s.s. hita-, öruggis- og aðgangsstýringum sem þarf að sinna, til viðbótar við hefðbundna fjármála-, funda- og rekstrarþjónustu. Það er mikilvægt að okkar mati að ná strax í byrjun utan um þessi stóru samfélög með skipulögðum og form-



■ Daniel Árnason, framkvæmdastjóri Eignaumsjónar efst til vinstri, ásamt hluta af starfsfólki félagsins við móttöku viðurkenningar VR sem fyrirmyndarfyrtæki 2022.

Ljós. Adsend.

föstum hætti og alla þætti sem skipta máli varðandi starfsemi húsfélagsins og rekstur sameignarinnar, lögum samkvæmt.

Hleðslumál rafbíla í fjölbýlishúsum hafa verið ofarlega á baugi í starfsemi Eignaumsjónar á líðandi ári. Þar höfum við stigið inn og bjóðum húsfélögum upp á hlutlaus úttekt á framtíðarfyrirkomulagi sem uppfyllir lagalegar skyldur húsfélaga. Við aðstoðum líka stjórnir húsfélaga við að útvega tilboð í hleðslukerfi og berum saman tilboð með hagsmunum húsfélaga að leiðarljósi. Þessi þjónusta hefur skilað umtalsverðum sparnaði til húsfélaga sem hafa nýtt sér hana. Einnig bjóðum við húsfélögum greiðsluþjónustu fyrir innheimtu gjalda vegna hleðslu rafbíla.


Breytingar sem eru fram undan á sorphirðumálum á Íslandi með gildistöku nýrra laga um hringrásarhagkerfi um áramótin hafa einnig verið okkur hugleiknar hjá Eignaumsjón. Á nýju ári hefst söfnun á lífrænum eldhúsúrgangi á höfuðborgarsvæðinu, sem kallar á breytingar. Til að varpa ljósi á framtíðarfyrirkomulag sorphirðumála stóðum við fyrir hádegisfundum fyrir stjórnir húsfélaga í

þjónustu hjá okkur í byrjun nóvember þar sem fulltrúar Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, SORPU og Reykjavíkurborgar höfðu framsögu og svörðu spurningum. Mæting var framfar björtustu vonum og áhuginn mikill, eins og fjölmiðlaumræða að andanförunu hefur glögglega sýnt. Það blasir við að sorphirðumálin verða áfram í brennidepli á næsta ári og þar ætlum við okkur að leggja okkar viðskiptavinum lið og sama gildir um rafhleðslumál í fjölbýlishúsum.

Almennt höldum við jafnframt áfram að þróa og efla þjónustu okkar við fasteignaeigendur á komandi ári, eins og við höfum gert í þau bráðum 23 ár sem eru liðin frá því við höfum að ryðja brautina fyrir rekstrarumsjón fyrir húsfélög og atvinnuhúsnæði á Íslandi. Fjölbýlishúsum hérlendis mun halda áfram að fjölga og þau verða sífellt stærri og flóknari sem kallar á enn markvissari og betri þjónustu og til að ná utan um starfsemi og rekstur þessara stóru samfélaga.

Daniel Árnason, framkvæmdastjóri Eignaumsjónar


## Óskum landsmönnum gleðilegra jóla og farsældar á árinu 2023



Hitaveiturör Stál



Hitaveiturör Pex flextra



Kaldavatnsrör



Ídráttarrör



Stál tengi



Inntakspéttingar



Lokar Tengir Mælir



Lokar



Pex tengi

ÍSRRÖR

Hringhella 12  
221 Hafnarfjörður

565 1489

isror@isror.is

ISROR

SKOÐAÐU ÚRVALIÐ  
OKKAR INN Á ISROR.IS



*Óskum starfsfólki í íslensku  
atvinnulífi gleðilegra jóla og  
velfarnaðar á árinu 2023*

ER  
EINHYVER NÁLEGUR AÐ  
HLUSTA Á ÞIG?

**Rás 16** er neyðarrás sjófarenda og alltaf opin.  
Það að þú hlustir á hana getur skilið á milli lífs og dauða.



SAMGÖNGU- OG  
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ  
*Siglingaráð*

Samgöngustofa 



■ Bjarki Kristjánsson, verslunarstjóri.



■ Bygging verslunarhúss Krónunnar á Akureyri tók nákvæmlega eitt ár. Þar hefur verið stöðugur straumur frá opnun þann 1. desember síðastliðinn.

## Krónan fær glimrandi viðtökur á Akureyri

„Opunarhelgin var langt umfram okkar væntingar og það hefur verið verið stöðugur straumur viðskiptavina frá fyrsta degi. Við gætum ekki verið ánægðari með viðtökurnar,“ segir Bjarki Kristjánsson, verslunarstjóri nýrrar verslunar Krónunnar á Akureyri sem opnaði á dögunum. Óhætt er að segja að opnun fyrstu verslunar Krónunnar í höfuðstað Norðurlands hleypi miklu lífi samkeppni matvöruverslana í bænum.

Þess mikið hrós fyrir gæðin áferskvörðunni í kjötbörðunum, grænmetis- og ávaxtadeildinni sem segja má að séu meðal flaggskipa í vöruframboði Krónunnar,“ segir Bjarki.

**Fólk kemur víða að**  
Bjarki er ekki í vafa um að Krónan hafi áhrif langt út fyrir Akureyri og segist strax á fyrstu dögnum hafa fengið viðskiptavinum frá Austfjörðum og byggðunum bæði austan og vestan Eyjafjarðar.

„Ég fann fyrir miklum spenningsi í aðdraganda opunarinnar og viðtökurnar eru í samræmi við það. Þetta sjáum við líka í viðtökunum sem „take-away“ staðirnir í versluninni hjá okkur fá en það eru Wok On og Rub23. Þar hefur

verið stöðugur straumur frá opnun,“ segir Bjarki og er tilbúinn í jóla-verslunina með starsfólki sínu í nýju búðinni.

kronan.is

## Verðmætari sjávarafli í ár

### Ánægðir viðskiptavinir

Nýbyggt 2000 fermetra verslunarhús Krónunnar er við Tryggvabraut á Akureyri og var hafist handa við bygginguna fyrir réttu ár. Fyrstu viðskiptavinir komu svo í hús þann 1. desember síðastliðinn.

„Ég heyrir mikla jákvæðni hjá viðskiptavinum. Fólk er ánægt með vöruúrvalið og hagstætt verð og er hrifin af sjálfsafgreiðsluappinu okkar, Skannað og skundað, en með opnuninni hjá okkur var slegið met í fjölgun notenda smáforrisins hjá Krónunni. Viðskiptavinir lýsa líka mikilli ánægju með að fá hingað á svæðið nýja vöruflökka sem aðeins fást í Krónunni. Við fáum auk

Á fyrstu þremur ársfjórðungum ársins 2022 var landaður afli tæplega 1,2 milljónir tonna sem er nærfellt 400.000 tonnum meira en á sama tímabili árið 2021. Skýringin liggur að stærstum hluta í aukningu loðnafla um 375.000 tonn. Sé litið til þróunar í aflaverðmætis kemur í ljós að það jókst á fyrstu þremur ársfjórðungunum í ár um 26% frá sama tímabili í fyrra. Þetta kemur fram í nýrri samantekt Hagstofu Íslands.

### Uppsjávarafllinn tók kipp með loðnunni

Verðmæti afla við fyrstu sölu námu 150 milljörðum króna á fyrstu þremur en voru 119 millj-



■ Á fyrstu níu mánuðum ársins skilaði þorskaflinn rúmum 63 milljörðum króna í verðmæti, þrátt fyrir minni afla en sömu mánuði í fyrra. Ufsi er eina botnfisktegundin sem veitt var meira af en fyrstu átta mánuðina í fyrra og jafnframt sú botnfisktegund sem skilar mestri verðmætisaukningu hlutfallslega.

arðar á sama tímabili árið 2021. Verðmæti botnfisktegunda var 102 milljarðar króna sem er 18% aukning frá árinu 2020 og verðmæti uppsjávarafla 40 milljarðar króna. Það var aukning um 69% aukning milli ára.

Á þessu tímabili, janúar-september, jókst aflinn í öllum mánuðum nema þremur, þ.e. í apríl, júní og ágúst. Mest varð aukningin í janúar og febrúar vegna loðnuveiðanna. Mesta aflaverðmætisaukningin var í janúar, um 58%, en verðmæti jukust í öllum mánuðum. Það er eftirtæktafvert að þrátt fyrir 29% minni fiskafli í júnímánuði miðað við sama mánuð árið 2021 var verðmætið í þeim mánuði í ár 7% meira en í fyrra.

### Þorskurinn helmingur heildarverðmætanna

Ef litið er til einstakra fisktegunda þá jókst aflaverðmæti ufsa mest allra botnfisktegunda, eða um 70% á tímabilinu og það hélst í reynd í hendur við 13% aflaukningu milli ára. Í öllum öðrum tegundum botnfisks varð aflinn á þessu átta mánaða tímabili minni en sömu mánuði 2021. Þorskaflinn var 183 þúsund tonn og skilaði sá afli rúmum 63 milljörðum króna af rúmum 101 milljarði í heildarverðmætum botnfisks. Loðnaflinn jókst úr um 70 þúsund tonnum í tæplega 450 þúsund tonn og verðmæti úr 8,2 milljörðum í tæpa 19,3 milljarða. Þrátt fyrir að makrílaflinn hafi verið verið órlítið minni en í fyrra jukust verðmæti hans um yfir 20% og kolmunnaflinn var einnig 40% verðmætari en í fyrra. Síldarflinn var nánast fjórðungi meiri en í fyrra en verðmæti þeirrar tegundar jukust um 54%.

Tölurnar yfir skeldýraafllan eru hins vegar hárauðar á litinn. Sem kunnugt voru humarveiðar nánast engar í sumar og sömuleiðis varð 41% samdráttur í rækjuafllanum og skilaði hann 31% minni verðmætum en í fyrra.

Við óskum viðskiptavinum og landsmönnum öllum

gleðilegra jóla

og farsædar á komandi ári með þökkum fyrir árið sem er að líða



HÉÐINN  
1922—2022



KONGSBERG



BERGEN ENGINES  
ON LAND, AT SEA.



A Rolls-Royce solution



The Original



# Ljósamasturs rafstöðvar

með 4x320 LED ljósum sem geta teygt sig upp í 8,5 metra hæð og þakið 5.000m<sup>2</sup> svæði með birtu. Rafstöðin er sérstaklega hönnuð fyrir byggingageirann.

Kikkaðu í vefversun okkar og hafðu samband.

Við veitum þér faglega aðstoð.

**DY NJ AN DI**  
allt fyrir öryggið

Skeifunni 3h | Sími: 588 5080 | dynjandi.is



■ Óskar og María Kristín hafa svo sannarlega stungið sér í djúpu laugina. Hugmynd þeirra hefur nú fengið vænan styrk frá Evrópusambandinu.

# Nýta ónýta gáma til raforkuframleiðslu

Sprotafyrirtækið Sidewind hefur hlotið styrk frá Evrópusambandinu til þróunar á framleiðslu rafmagns með vindorku í opnum flutningagámum

„Þetta er 30 ára gömul hugmynd sem ég fékk í menntaskóla þegar ég var að rífast við eðlisfræðikennarann minn,“ segir málara-meistarinn og frumkvöðullinn Óskar Svavarsson um tilurð þeirrar hugmyndar hans að nýta vindorku á nýjan leik til skipasiglinga. Kennaranum þótti hugmyndin ekki merkileg á þeim tíma og lét að sögn þá skoðun sína berlega í ljós.

Óskar lét úrtölur kennara síns forðum sem vind um eyru þjóta, enda hefur kostnaður við framleiðslu á raforku snarlækkað frá því fyrir þremur áratugum. Hann stofnaði fyrir þremur árum sprotafyrirtækið Sidewind, ásamt eiginkonu sinni Maríu Kristínu Þrastardóttur viðskiptafræðingi. Þau hjónin hafa síðan þá þróað

hugmynd um að nýta annars ónothæfa eða skemmda flutningagáma til að framleiða raforku um borð í flutningaskipum. Hugmyndin gengur út á að framleiða vindtúrbínur sem settar eru í umrædda gáma þar sem hliðarnar hafa verið fjarlægðar. Þegar vindar blása á hlið skipsins framleiða túrbínurnar raforku.

Áætlað er að með þessu móti sé hægt að framleiða allt að 20 prósent þeirrar orku sem skipið þarf að nota á siglingu sinni. Það hlutfall er meðal annars háð vindstyrk og -átt hverju sinni.

#### Hvatningarverðlaun og styrkir

Sidewind, sem fékk í desember 2019 styrk úr Tækniþróunarsjóði, hlaut á dögnum Svifölduna, hvatningarverðlaun Sjávarútvegs-



■ Flutningaskip gætu nýtt sér lausnina til að draga úr olíunotkun.

— — — — — ✨ — — — — —

## Gleðilega hátíð

Marport óskar viðskiptavinum sínum sem og landsmönnum öllum gleðilegrar hátíðar og farsældar á nýju ári.

TÓNHAVARF 7 | KÓPAVOGUR

GLOBAL OFFICES

- ICELAND
- UK
- USA
- SPAIN
- FRANCE
- NORWAY
- SOUTH AFRICA

MARPORT

MARPORT.COM



■ Hér má sjá tölvuteikningu af túrbínu í gámi þar sem hliðarnar hafa verið fjarlægðar.

ráðstefnunnar og TM 2022. Og það sem meira er, í ársbyrjun 2023 munu þau hjónin skrifa undir samning við Evrópusambandið sem kveður á um þróun þriggja umhverfisvænna hugmynda – ein þeirra er hugmynd þeirra hjóna. Sambandið styrkir verkefnið samtals um 1,3 milljarða króna en alls koma 13 fyrirtæki, þar af fimm íslensk, að verkefnunum þremur. Samningurinn tekur gildi 1. janúar 2023 og gildir til fjögurra ára.

„Hugmyndin er að nýta sér þessa vinda sem þrýstast yfir skipið á siglingu og fara annars til spillis,“ útskýrir Óskar. Eins og áður segir er um að ræða endurnanna gáma auk þess sem spaðarnir verða framleiddir úr endurunnunni plasti. Óskar bendir að notkun opinna gáma hafi þann kost í för með sér að allir innviðir til flutninga séu til staðar, svo sem kranar og flutningabílar. Það einfaldi alla meðhöndlun. María segir í því samhengi að gámafélögin geti sett túrbínur um borð þegar veðurspá lítur út fyrir að verða hagstæð til raforkuframleiðslu, þær þurfi ekki að vera með í öllum ferðum.

#### Frumgerðin prófuð við Ingólfsfjall

María segir að áhuginn á verkefninu sé mikill, ekki síður á landi en á sjó. Frumgerðin, sem er úr stáli, verður prófuð við Ingólfsfjall í vetur. Markmiðið sé að finna út hvernig hægt er að framleiða sem mesta raforku með þessum hætti. Styrkurinn verður meðal annars nýttur til að smíða bæði 20 og 40 feta gáma sem notaðir verða við þróun vörunnar á komandi árum.

Spurð hvort svo gæti farið að fiskiskip gætu með tíð og tíma notað þessa tækni svara þau hjónin því til að um plássfreka lausn sé að ræða. Þetta muni aðeins henta á þau skip sem hafi nægt pláss uppi á dekki, svo sem olíu- og gámaflutningaskip.

#### Þarf að vera svolítið bilaður

„Við erum engir sérfræðingar á þessu sviði,“ svarar Óskar léttur í bragði þegar þau hjónin eru spurð um bakgrunn sinn. Þau hafi einfaldlega stungið sér í djúpu lauginna. María bætir við að þau hafi fengið mikla hjálp frá KLAK í Grósku sem hjálpi frumkvöðlum að raungera hugmyndir sínar og myndi samfélag fyrir frumkvöðla. Þau hafa einnig verið dugleg að sækja sér þekkingu og útvista verkefnum. „Maður þarf að vera svolítið bilaður til að ráðast í þessa vitleysu,“ segir Óskar og hlær en bætir við: „Þetta eru miklar áskoranir, ég viðurkenni það, og alveg nýjar fyrir okkur. Það var ákveðið spark í rassinn að fá þennan Evrópustyrk.“

# Öflugur björgunarbátur til Geisla

Björgunarsveitin Geisli á Fáskrúðsfirði hefur tekið í notkun nýjan björgunarbát sem hannaður var og framleiddur hjá bátasmiðjunni Rafnar. Báturinn var byggður í Noregi og er 11 metra langur. Hann er sá fyrsti þessarar tegundar frá Rafnar sem er með yfirbyggt framdekk en það eykur mjög notagildi bátsins í björgunarverkefnum. Nokkuð auðveldlega er hægt að rúma 10 manns í vistarverunni og stýrishúsi, jafnvel fleiri ef brýna nauðsyn ber til.

Báturinn er búinn tveimur 300 hestafla utanborðsmótorum og getur ganghraðinn við bestu skil-



■ Hafdís er fyrsti Rafnarbáturinn þar sem dekkið framan stýrishúss er yfirbyggt. Gott rými skapast við þetta.

yrði náð rúmlega 40 hnútum. Björgunarsveitin Geisli átti fyrir eldri Rafnarbát sem fyrirtækið tók



■ Björgunarbáturinn Hafdís er hraðskreiður og mun nýtast vel í björgun og aðstoð á sjó við Austfirði.

Myndir: Þorgeir Baldursson

upp í þann nýja. Fyrir litla björgunarsveit er þessi fjárfesting mjög stór bita en sveitin hefur

notið velvildar Loðnunnslunnar og fyrirtækja í Fjarðabyggð sem stutt hafa verkefnið.



## GLEÐILEGA HÁTÍÐ

### RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS

óskar félögum sínum og landsmönnum öllum

### GLEÐILEGRA JÓLA

### OG FARSÆLDAR Á NÝJU ÁRI

### RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS Í 50 ÁR

Félagar í Rafiðnaðarsambandi Íslands hafa alltaf verið í fararbroddi í þekkingu á raf- og tæknibúnaði og notkun hans. Tryggjum öryggi og skiptum við fagmenn.

STOLTUR BAKHJARL



AÐILDARFÉLÖG RAFIÐNAÐARSAMBANDSINS



# Koma ný í skipastólinn á komandi árum

Tveir nýir ferskisktogarar, tvö uppsjávarskip og hafrannsóknaskip munu bætast í flotann á næstu rösklega tveimur árum, auk þess sem á næsta ári verður afhentur stálbátur í krókaflamarkskerfinu, sem þykir nokkrum tíðindum sæta. Þetta eru einungis þau verkefni sem samið hefur verið um en samkvæmt heimildum eru nokkrar útgerðir með smíði stærri skipa í undirbúningi og enn sem komið er á hugmyndastigi. Það er sammerkt með öllum nýsmíðaverkefnum að lögd er mikil áhersla á orkusparnað, kolefnisspor og umhverfisáhrif.

## Nýr stálbátur í krókaflamarkskerfið

Hjá Skipasmíðastöð Njarðvíkur er í smíðum tæplega 30 tonna stálbátur fyrir útgerðarfyrirtækið Stakkavík í Grindavík og verður báturinn í krókaflamarkskerfinu. Þetta er sögulegt þar sem tveir áratugir eru síðan smíðaður var stálbátur fyrir þennan útgerðarflokk en plastbátarnir hafa verið ráðandi mörg undanfarin ár í smábátunum. Skrokkur bátsins er smíðaður í Tyrklandi og er báturinn væntanlegur til landsins undir vorið en lokafrágangur tækja og búnaðar verður hjá Skipasmíðastöð Njarðvíkur. Báturinn ber nafnið Margrét GK-9 og er áætlað að afhenda hann til Stakkavíkur í maí eða júní.

## Togari Ramma í smíðum í Tyrklandi

Reiknað er með að undir árslok 2023 verði nýr ferskisktogari Ramma hf. afhentur en skipið er í smíðum hjá Celiktrans skipasmíðastöðinni í Tyrklandi. Skipið er hannað af Nautic ehf. og er það rúmir 48 metrar á lengd og 14 metra breitt. Það verður búíð fjórum togvindum og getur dregið þrjú troll



■ Ferskisktogari Ramma hf. er nú í smíðum í Tyrklandi og er þess vænt að hann komi til landsins fyrir lok næsta árs.

samtímis. Skipinu eru fyrst og fremst ætlað að stunda botnfiskveiðar en getur einnig nýst til humarveiða ef úr þeim rætist. Áætlaður kostnaður við smíðina er um þrjú milljarðar króna.

## Hafrannsóknaskipið væntanlegt haustið 2024

Eitt stærsta smíðaverkefnið sem nú stendur yfir á skipasviðinu er nýtt hafrannsóknaskip sem er í smíðum hjá spænsku



■ Nýr Bjarni Sæmundsson. Hafrannsóknastofnun áætlað að taka á móti skipinu haustið 2024.

skipasmíðastöðinni Astilleros Armón. Skipið mun fá nafnið Bjarni Sæmundsson og leysa samnefnt hafrannsóknaskip af hólmi sem orðið er rúmlega hálftrar aldar gamalt. Samið var um smíðina í mars síðastliðnum og er gert ráð fyrir að nýja skipið komi til heimahafnar hafrannsóknaskipanna í Hafnarfirði haustið 2024.



■ Hjá Karstensens skipasmíðastöðinni í Danmörku verða smíðuð tvö uppsjávarskip fyrir útgerðarfyrirtækin Skinney Þinganes og Gjögur. Þau koma til landsins 2024 og 2025.

## Systurskip frá Karstensens

Endurnýjun í uppsjávarflotanum heldur áfram en nýjustu skipin í þeim útgerðarflokki eru systurskipin Vilhelm Þorsteinsson EA og Börkur NK sem smíðuð voru hjá Karstensens skipasmíðastöðinni í Danmörku. Sú stöð heldur áfram að smíða fyrir íslenskar útgerðir því nú er hafin smíði á nýju uppsjávarskipi fyrir Skinney Þinganes sem áætlað er að ljúki á fyrri hluta árs 2024. Skipið er sérstakt fyrir þær sakir að hönnun miðaði að því að djúprista yrði sem minnst og verður hún aðeins 6,5 metrar. Þetta er gert vegna aðstæðna við innsiglinguna á Hornafirði. Skipið verður rúmlega 75 metra langt og 16,5 metra breitt.

Samskonar uppsjávarskip verður einnig smíðað hjá Karstensens fyrir útgerðarfyrirtækið Gjögur en afhending þess er áætluð vorið 2025.



■ Ferskisktogari fyrir borbjörn í Grindavík er í smíðum á Spáni. Skipið verður 58 metra langt og verður mögulegt að breyta því í frystiskip ef á þarf að halda.

## Smíðað á Spáni fyrir borbjörn

Loks er að nefna nýjan ferskisktogara fyrir útgerðarfyrirtækið borbjörn í Grindavík en togarinn verður smíðaður hjá Armon Gijon á Spáni. Skipið verður 58 metra langt og 16 metra breitt. Nýi togari borbjörn er hönnun frá Skipasýn sem einnig hannaði frystitogarann Baldvin Njálsson sem kom til landsins fyrir rösku ári. Það skip var einnig smíðað í Armon á Spáni.

Lögd er áhersla á sjálfvirkni, vinnuástöðu og aðbúnað áhafnar í hönnun nýja skipsins fyrir borbjörn hf. en einnig verður skipið þannig útfært að auðvelt verði að breyta því í frystiskip ef á þyrfi að halda. Gert er ráð fyrir að togarinn komi til landsins snemma á árinu 2024.

## MARÁS


FAJ FRÍÐRIK A. JÓNSSON ehf.

**SIMRAD**



Ratsjár

**Olex**



Prívíddarplotter

REINTJES  
POWER TRAIN SOLUTIONS



Niðurfærslugirar

**KOHLER**  
IN POWER. SINCE 1920.



Rafstöðvar og ljósavélar

Sendum sjómönnum og fjölskyldum þeirra hugheilar jóla- og nýárskveðjur

**YANMAR**



Aðalvélar og hjálparvélar

**IBERCISA**  
DECK MACHINERY



Rafmagns togvindur

**SIMRAD**



Sjálfstýringar

**SAILOR**  
CODRUM

**ICOM**



Fjarskiptatæki

Marás ehf  
Miðhrauni 13 - Garðabæ  
S: 555 6444  
postur@maras.is - www.maras.is

Fríðrik A. Jónsson ehf  
Miðhrauni 13 - Garðabæ  
S: 552 2111  
faj@faj.is - www.faj.is



Við óskum landsmönnum gleðríkrar hátíðar  
og farsældar á nýju ári

Starfsfólk Ísfells



# Gleðileg jól og farsælt komandi ár



## Okkar bestu hátíðaóskir

Við óskum landsmönnum öllum gleðilegrar hátíðar með þökk fyrir ánægjuleg samskipti á árinu sem er að líða. Við vonum að árið fram undan og framtíðin öll verði farsæl og björt.

440 1000 n1.is



ALLA LEIÐ